# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

293. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 12. DESEMBER 2016




Þingflokkarnir fimm, Vinstri græn, Píratar, Viðreisn, Björt framtíð og Samfylkingin, funduðu fram á kvöld í gær til að ákveða hvort halda ætti stjórnarmyndunarviðræðum áfram. Engin niðurstaða var komin þegar Fréttablaðið fór í prentun. Forystumenn flokkanna höfðu hist fyrr um kvöldið en þeir hafa haldið fundi daglega síðan á mánudag. Vinnuhópar flokkanna ræddu meðal annars um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um vanhæfi dómara. 15

**SPORT** Hrafnhildur og Gylfi Þór stóðu sig vel um helgina. 11-13

**LÍFIÐ** Jóhann Kristófer vill líta út eins og 2007-hnakki. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD





## Hreiðar Már stefnir ríkinu

**SAMFÉLAG** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefur stefnt íslenska ríkinu til greiðslu miskabóta vegna spillingar embættismanna ríkisins.

Í aðsendri grein sem birtist í dag rekur Hreiðar Már hvernig sérstakur saksóknari fékk hlerunarheimild á símann hans með því að velja sér dómara. Samkvæmt greininni voru hlerunarbeiðnirnar stimplaðar af Héraðsdómi Vesturlands vegna þess að þar er bara einn dómari. Var málið þingfest í síðasta mánuði og fékk ríkislögmaður frest til að skila greinargerð til 17. janúar. – bb / sjá síðu 15




# Tug milljarða viðskipti Alvogen með flensulyf

**Alvogen áætlar að selja samheitalyf flensulyfsins Tamiflu fyrir tugi milljarða. Mun spara bandarískum neytendum 56 milljarða króna á næstu mánuðum. Þetta er stærsta áfangi Alvogen til þessa. 180 vísindamenn starfa hjá Alvogen.**

**VIÐSKIPTI** Lyfjafyrirtækið Alvogen, sem stofnað var af Róberti Wessman árið 2009, hefur sett fyrstu samheitaútgáfu af flensulyfinu Tamiflu á markað í Bandaríkjunum. Þetta er stærsta markaðssetning Alvogen til þessa.

Þetta þýðir að Alvogen verður eitt á markaði með flensulyf ásamt frumlyfinu næstu mánuði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru árlegar rekstrartekjur Alvogen komnar yfir 100 milljarða króna og má búast við að tekjur af flensulyfinu hlaupi á tugum milljarða.

Róbert Wessman, stjórnarformaður og forstjóri, segir Bandaríkjamarkað stærsta lyfjamarkað heims og þar vilji allir vera. Hann segir að unnið hafi verið að þróun og skráningu lyfsins frá 2010 og því ánægjulegt að það sé komið í sölu.

> Markaðssetning Tamiflu er stærsti áfangi fyrirtækisins frá stofnun og ánægjulegt að geta stuðlað að því að bandarískir neytendur fái nú mun ódýrari valkost fyrir meðferð við flensu

Róbert Wessman, stjórnarformaður og forstjóri Alvogen



„Markaðssetning Tamiflu er stærsti áfangi fyrirtækisins frá stofnun og ánægjulegt að geta stuðlað að því að bandarískir neytendur fái nú mun ódýrari valkost fyrir meðferð við flensu," segir Róbert. Áætla má að sparnaður bandarískra neytenda á næstu mánuðum með innkomu lyfsins nemi 500 milljónum dollara eða sem nemur 56 milljörðum króna.

Róbert segir mikla samkeppni á markaðnum en fyrirtækinu hafi tekist að skapa sér sterka stöðu á markaði gegnum sérhæft lyfjasafn sem samanstendur af lyfjum sem eru erfið í þróun og því minni samkeppni um.

Alvogen tók yfir tvö bandarísk lyfjafyrirtæki á árinu og opnaði nýtt hátæknisetur þar sem starfa 180 vísindamenn. – hh

## Veður




Dregur til tíðinda í veðrinu í nótt og gengur í vestanvonskuveður með éljagangi á austanverðu landinu í fyrramálið. Þó mun hægara og úrkomuminna á vesturhelmingi landsins. SJÁ SÍÐU 18



**Þessi mynd var tekin í Bolungarvík, í gær, þar sem grasið er grænt og himininn heiður.** MYND/PÁLMI GESTSSON

# Áfram hlýindi á aðventunni

**VEÐUR** „Þessi vika verður ágætlega mild. Hún verður meira og minna vel í mildari kantinum en töluverður lægðagangur. Það er alltaf stutt í suðvestan- og vestanátt með kaldara lofti þannig að það er viðbúið að það nái inn á köflum eitthvað svalara loft með einhverjum slydduéljum af og til,“ segir Óli Þór Árnason, vakthafandi veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Fádæma hlýindi hafa verið um land allt í desembermánuði, svo mjög að sumum blöskrar hve lítt jólalegt er um að litast á landinu nú þegar þriðji í aðventu hefur gengið í garð. Blíðan leikur þó ekki bara við íbúa á suðvesturhorni landsins.

„Þetta er meira og minna um allt land. Það er í raun á köflum betra veður fyrir norðan og austan þegar þessar suðlægu áttir eru því þær eru yfirleitt þurrar á Norðurlandi og norðanverðum Vestfjörðum líka. En þegar hann snýr sér eru þeir fljótir að fá snjó.“

Í dag spáir sjö stiga hita og sól á Egilsstöðum og í kringum tvær til sex gráður í þéttbýli um land allt. Úrkoma verður þó nokkur í vikunni en áfram verða allar tölur rauðar hringinn í kringum landið. - snæ

> **Þetta er meira og minna um allt land. Það er í raun á köflum betra veður fyrir norðan og austan**
>
> Óli Þór Árnason vakthafandi veðurfræðingur

# Jólalegir jálkar



**Það var líf og fjör í jólaþorpinu í Hafnarfirði í gær þó þar væri ef til vill ekkert sérlega jólalegt um að litast og hitinn vel yfir frostmarki. Ungir sem aldnir fengu far með þessum tveimur gæðingum sem voru klæddir upp í jólasveinabúning í tilefni aðventunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Guðni valdi danskt jólatré

**SAMFÉLAG** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, valdi sér danskan normannsþin sem jólatré með fjölskyldu sinni í gær. Keypti hann tréð hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Var tréð bústið og fallegt og nokkuð stórt.

Björgunarsveitin deildi myndum af forsetafjölskyldunni með tréð sitt á Facebook og skrifaði: „Forseti Íslands og fjölskylda heiðruðu okkur í dag, renndu við og keyptu ofurfallegt jólatré til stuðnings Flugbjörgunarsveitinni. Enda sagði Guðni þau hafa gert það á hverjum jólum í nokkur ár! Kærar þakkir fyrir stuðninginn!“

Einn starfsmanna Skógræktarinnar deildi færslu björgunarsveitarinnar og sagði eina af áskorunum næsta árs vera að selja forsetanum íslenskt jólatré.

Það væri mun umhverfisvænna en sá danski normannsþinur sem varð fyrir valinu í ár. - þea




# Kvarta um átroðning frá Fríkirkjuvegi 11

**Húseigendur á Laufásvegi gagnrýna að borgin leyfi 155 manna samkomusal í Fríkirkjuvegi 11 þótt þar séu aðeins fjögur bílastæði og sjá fyrir aukna samkeppni um stæði í hverfinu. Friðaður veggur hefur skemmst í framkvæmdunum.**

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur Laufásvegar 24 segjast ósáttir við breytta notkun á Fríkirkjuvegi 11 og kvarta undan ónæði og skemmdum vegna framkvæmda.

„Í mjög smáu letri segir að gert sé ráð fyrir að 155 manns að hámarki geti setið og snætt í samkomusal, borðsal og bar á fyrstu hæð hússins. Við viljum benda á að þau þrjú bílastæði og eitt fyrir hreyfihamlaða sem gert er ráð fyrir á Fríkirkjuvegi 11 geta með engu móti uppfyllt þörfina fyrir bílastæði þó aðeins helmingur af þessum fjölda væri samankominn á Fríkirkjuvegi 11 á sama tíma,“ segir í bréfi íbúa og eigenda Laufásvegar 24 til skipulagsyfirvalda í Reykjavík.

Fríkirkjuvegur 11 er í eigu Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, sem keypti húsið af Reykjavíkurborg fyrir hrun og hefur verið að gera á því breytingar.

Fólkið á Laufásvegi 24, sem er ofan við Fríkirkjuveg 11, kveður framkvæmdir við síðarnefnda húsið hafa neikvæð áhrif á eign þeirra og þægindi íbúanna. „Enn fremur erum við ekki sátt við að borgin leyfi svona stórkostlegar breytingar á notkun hússins án þess að fara í meiri kynningar fyrir íbúa á svæðinu,“ segir í bréfi þeirra.

Þá er rakið að þrettán bílastæði séu framan við Laufásveg 25-27. Margir keppi um þessi stæði; starfsmenn bandaríska sendiráðsins, skólanemar og í framtíðinni gestir Fríkirkjuvegs 11.

„Borgin verður að gæta þess að mismuna ekki íbúum sínum. Laufásvegur var skipulagður sem íbúðarsvæði. Nú í næstum tvö ár hafa þessi bílastæði oft verið óaðgengileg vegna mikilla framkvæmda á Fríkirkjuvegi 11. Hvorki borgin né framkvæmdaaðili gerðu íbúum grein fyrir hvað í vændum væri.“



**Jeppi skemmdist er friðaður steinveggur hrökk undan vörubíl sem bakkað var fram hjá Laufásvegi 24. Myndir sem fylgdu athugasemdum sýna aðstæður.**

> **Framkvæmdir á Fríkirkjuvegi 11 hafa valdið okkur ónæði og áreiti, enda mikill hávaði og umferð stórra ökutækja.**
>
> Eigendur Laufásvegar 24

Vegna framkvæmdanna við Fríkirkjuveg 11 hefur stórum bílum verið ekið niður þröngt sund ofan af Laufásvegi fram hjá húsi númer 24. Steinveggur sem þar var skemmdist er vörubíll bakkaði þar niður og féll á jeppa í innkeyrslunni.

„Steinveggurinn var síðan tekinn í burtu af framkvæmdaaðilum en ekkert samband haft við eigendur eða íbúa á Laufásvegi 24. Framkvæmdir á Fríkirkjuvegi 11 hafa valdið okkur ónæði og áreiti enda mikill hávaði og umferð stórra ökutækja. Sífellt verið að bakka niður aðreinina á stórum ökutækjum, aðrein sem er í raun aðeins fyrir fótgangandi,“ segja eigendur Laufásvegar 24 sem frábiðja sér frekara ónæði og ágang. „Við viljum að þessi veggur verði endurbyggður í sinni upprunalegu mynd alveg að gangstétt.“

Undir þetta tekur skipulagsfulltrúi. Steinveggurinn sé friðaður vegna aldurs og hann eigi að lagfæra og endurgera og færa inn á lóðaruppdrætti. gar@frettabladid.is




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

# Engin svör frá FBI

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, tjáði sig um samskipti sín við alríkislögreglu Bandaríkjanna FBI sumarið 2011 þegar hann gegndi embætti innanríkisráðherra í viðtali við miðilinn Koitokos seint í síðustu viku. Í viðtalinu kemur fram að Ögmundur hafi vísað fulltrúum FBI úr landi og hafnað beiðni þeirra um að starfa hér á landi í tengslum við rannsókn þeirra á Wikileaks.

Upplýsingar um samskipti Ögmundar við FBI hafa áður komið upp á yfirborðið, til að mynda árið 2013 þegar Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks greindi frá þeim. Viðtalið hefur þó vakið gríðarlega athygli og meðal annars verið fjallað um ummæli Ögmundar í Daily Mail og Russia Today.



**Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra**

Fréttablaðið hafði samband við bandarísku alríkislögregluna og Hvíta húsið í gær með litlum árangri. Óskað var eftir því að frásögn Ögmundar yrði staðfest sem og hvort viðbrögð af hálfu bandarískra stjórnvalda við synjun innanríkisráðherra hefðu verið einhver. Boðað var af hálfu starfsmanns FBI að haft yrði samband á ný vegna málsins en þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu engin svör borist. **- snæ**




**Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Trump segir afsakanir Demókrata neyðarlegar

**BANDARÍKIN** Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, hafnar því mati Leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) að rússneskir tölvuþrjótar hafi reynt að hafa áhrif á kosningarnar, honum í hag. Þetta kom fram í viðtali hans við Chris Wallace á sjónvarpsstöðinni Fox News í gær.

Þá sagði hann einnig að Demókratar væru að reyna að gera sem mest úr málinu vegna þess að þeir skömmuðust sín fyrir stórt tap í kosningunum.

„Mér finnst þetta fáránlegt. Ég held að þetta sé enn ein afsökunin. Ég trúi þessu ekki," sagði forsetinn verðandi í viðtalinu.

CIA tilkynnti fjölmiðlum um mat sitt á föstudaginn en rússnesk yfirvöld hafa endurtekið hafnað ásökunum Bandaríkjamanna.

Trump viðurkenndi að það væri mögulegt að Rússar hafi staðið að baki tölvuárásum en bætti þó við: „Þeir hafa ekki hugmynd um hvort þetta séu Rússar, Kínverjar eða einhver sem situr á rúminu heima hjá sér."

> **Þeir hafa ekki hugmynd um hvort þetta séu Rússar, Kínverjar eða einhver sem situr á rúminu heima hjá sér**

Þá tjáði Trump sig einnig um olíujöfurinn Rex Tillerson, sem talið er að verði utanríkisráðherra hans. „Hann er leikmaður í heimsklassa," sagði Trump um Tillerson, hinn 64 ára forstjóra ExxonMobil.

Enn fremur tjáði hann sig um þá umdeildu ákvörðun að taka við símtali frá Tsai Ing-wen, forseta Taívans. Bandaríkin hafa til þessa fylgt stefnu um eitt og sameinað Kína en Taívan, sem opinberlega heitir Lýðveldið Kína, lítur á sig sem sjálfstætt ríki.

Sagði Trump að hann myndi ekki fylgja sömu stefnu og forverar sínir nema Kínverjar samþykktu breytingar á viðskiptum milli ríkjanna. **- þea**



**Um 90 tonn hafa farið utan af ferskum lambalærum en þar fást um þúsund krónur fyrir hvert kíló enda mikil gæðavara. Meðalverð á lambakjöti sem ferðast yfir hafið er 742 krónur á hvert kíló.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Strembin staða fyrir útflutning lambakjöts

**Frá 1. janúar 2015 hafa þúsundir tonna af lambakjöti verið flutt til útlanda. Meðalverð er um 740 krónur á hvert kíló. Dæmi er um að lambalæri fari á rúmar 600 krónur á hvert kíló. Sauðfjárbændur fá 550 krónur fyrir hvert kíló afurða.**

**LANDBÚNAÐUR** Síðustu 20 mánuði hafa rúmlega 4.400 tonn af lambakjöti verið flutt úr landi. Meðalverð allrar þeirrar framleiðslu er um 742 krónur kílóið. Verð á erlendum mörkuðum hefur hrunið síðustu misseri vegna erfiðra ytri skilyrða, svo sem gengisþróunar og lokunar markaða.

Þegar útflutningstölurnar eru skoðaðar nánar hjá Hagstofunni kemur í ljós að stærsti einstaki vöruflokkurinn eru frystir heilir og hálfir lambaskrokkar. Um það bil 1.250 tonn hafa farið utan á þessu tímabili frá janúar 2015 til loka október 2016. Meðalverðið á þeim er um 834 krónur á hvert kíló. Augljóst er að borgað er með útflutningnum.

Um 220 tonn af frystum lambalærum og lærissneiðum hafa einnig verið flutt út á þessu tímabili þar sem 880 krónur fást fyrir hvert kíló. Um 90 tonn hafa farið af ferskum lambalærum en þar fást um þúsund krónur fyrir hvert kíló enda mikil gæðavara.

> **Staðan eins og hún er núna er nokkuð erfið en fyrst og fremst er styrking krónunnar að gera okkur mjög erfitt fyrir**



Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa

Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, segir verð á erlendum mörkuðum hafa hrunið vegna styrkingar krónunnar og lokunar markaða. Nú sé staðan sú í Noregi, sem hefur verið að taka um 600 tonn árlega af lambakjöti, að umframbirgðir eru á markaði af lambakjöti. Því hefur verðið til Noregs lækkað mikið. Ekki sé búið að klára að semja um þau 600 tonn sem fari þangað úr þessari sláturtíð eins og tíðkast hefur undanfarin ár. „Staðan eins og hún er núna er nokkuð erfið en fyrst og fremst er styrking krónunnar að gera okkur mjög erfitt fyrir."

Stórri afurðastöð hefur verið boðið verð í lambakjöt til útflutnings af haustslátrun 2016. Í útboðsgögnunum kemur í ljós slæm staða útflutnings á lambakjöti. Skrokkar í heilu sem fara til Noregs geta farið á um 623 krónur hvert kíló. Tilboðsverð á lambalærum til Bretlands er um 635 krónur en 480 krónur fyrir framparta. Heilir hryggir eru sendir til Spánar á 720 krónur hvert kíló svo dæmi séu tekin.

Sauðfjárbændur fá greiddar um 550 krónur fyrir hvert kíló afurða sem þeir leggja inn til slátrunar. Að auki fá margir sauðfjárbændur greiðslur frá hinu opinbera.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Samtaka sauðfjárbænda, vildi ekki tjá sig um málið nema fá að sjá fyrirfram umfjöllun Fréttablaðsins í heild um málið.

**sveinn@frettabladid.is**


Það eru girnileg jól framundan í Hafinu




Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

**Opnunartími yfir hátíðarnar:**
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook




# Skiptir **uppruninn** máli…

## eða er það leitin að honum?

**Opinn fræðslufundur í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar**

**Sturlugötu 8, fimmtudaginn 15. desember kl. 17.00–18.30.**

Erindi flytja:

- **Kári Stefánsson**
  Örsögur um leit
- **Brynja Dan Gunnarsdóttir**
  Leitin að upprunanum
- **Ásdís Halla Bragadóttir**
  Tvísaga
- **Agnar Helgason**
  Saga Hans Jónatans rakin úr erfðaefni afkomenda

Kaffiveitingar frá kl. 16.30 – **allir velkomnir**

ÍSLENSK
ERFÐAGREINING

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Tæknirisi prófar snjallbíla

**TÆKNI** Bandaríski tæknirisinn Nvidia hefur nú fengið leyfi til þess að prófa sjálfkeyrandi bíla sína í Kaliforníuríki. Fylgir fyrirtækið þar með í fótspor Google, Ford, Tesla, Mercedes og fjölda annarra fyrirtækja.

Nvidia er þekkt fyrir að framleiða öflug skjákort fyrir borðtölvur er nýtast vel við spilun tölvuleikja. Skrefið er því stærra fyrir Nvidia heldur en til að mynda Ford og Mercedes.

Fyrirtækið notast við gervigreindina Drive PX2 sem hefur verið notuð af keppnisliðum í Roborace, kappakstri milli sjálfkeyrandi bíla.

> **Fylgir fyrirtækið þar með í fótspor Google, Ford, Tesla, Mercedes og fjölda annarra fyrirtækja.**

Gengi hlutabréfa Nvidia hefur þrefaldast á árinu og sjöfaldast undanfarin fimm ár. Er gott gengi meðal annars talið stafa af því að fyrirtækið hefur fjarlægst helsta samkeppnisaðilann á sviði skjákorta, AMD, og selur nú mun fleiri skjákort. - **þea**





S Ý N

Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA

Sölutímabil 2. – 16. desember

Casa – Kringlunni og Skeifunni
Epal – Kringlunni, Skeifunni og Hörpu
Hafnarborg - Hafnarfirði
Húsgagnahöllin - Reykjavík og Akureyri
Hverfisgallerí - Hverfisgötu 4
Kokka - Laugavegi
Kraum - www.kraum.is
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu og Kjarvalsstöðum
Litla jólabúðin - Laugavegi
Líf og list - Smáralind
Módern - Faxafeni 10
Snúran - Síðumúla
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Norska húsið - Stykkishólmi
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun – www.kaerleikskulan.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


## Þjóðarsorg í Tyrklandi



Tyrkneskir lögreglumenn bera líkkistu fallins starfsbróður á meðan syrgjendur horfa á. Þeirra á meðal eru Binali Yildirim forsætisráðherra og Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands. Lögreglumaðurinn var einn af þrjátíu sem féllu í sprengjuárás á laugardag en þar að auki féllu átta almennir borgarar. NORDICPHOTOS/AFP

# Frelsisfálkar lýsa yfir ábyrgð í Tyrklandi

**Hópur herskárra Kúrda hefur lýst yfir ábyrgð á sprengjuárásinni í Istanbúl á laugardag. 38 fórust í sprengingunni, flestir voru lögreglumenn. Tugir eru særðir. Hópurinn er tengdur verkamannaflokki Kúrda sem er hryðjuverkasamtök.**

**TYRKLAND** Frelsisfálkar Kúrdistans (TAK) lýstu í gær yfir ábyrgð á sprengjuárás sem felldi 38 fyrir utan Vodafone-leikvanginn í tyrknesku borginni Istanbúl. Yfirlýsingin var birt á vefsíðu TAK.

Bílsprengja sprakk fyrir utan Vodafone-leikvanginn, heimavöll knattspyrnuliðsins Beşiktaş, á laugardagskvöldið, tveimur klukkutímum eftir að flautað hafði verið til leiksloka í leik liðsins við Bursaspor.

Bílsprengjan skall á lögreglubíl en þrjátíu hinna föllnu voru lögreglumenn. Þá liggja tugir enn á spítala, sumir hverjir á gjörgæslu. Alls særðust 155 í árásunum tveimur en nærri vettvangi sprengingarinnar sprengdi árásarmaður sig einnig í loft upp.

TAK lýsti einnig ábyrgð á öðrum árásum í Tyrklandi á árinu.

Aðstoðarforsætisráðherrann Numan Kurtulmus sagði í gær að fyrstu stig rannsóknar málsins bentu til þess að Verkamannaflokkur Kúrda (PKK) bæri ábyrgð á árásunum. Sagði hann einnig að allt að fjögur hundruð kíló sprengiefnis hefðu verið notuð á laugardagskvöld.

Tengsl TAK og PKK eru óljós, en hóparnir eiga það sameiginlegt að vera álitnir hryðjuverkasamtök. Bandaríkjamenn og Bretar líta þeim augum á TAK en það gera Sameinuðu þjóðirnar, Kína, Indland og fleiri ekki. Fleiri eru á því að PKK séu hryðjuverkasamtök en þar má nefna Atlantshafsbandalagið, Bandaríkin og Evrópusambandið.

Sjálfir líta Tyrkir á TAK sem hluta af PKK en lögreglan í Tyrklandi hefur TAK ekki á skrá sem hryðjuverkasamtök í landinu af þeirri ástæðu.

### Fjöldi árása á árinu

**17. FEBRÚAR**
Árás er gerð á bílalest tyrkneska hersins í Ankara. 28 farast.

**13. MARS**
Bílsprengja springur í Ankara. 37 farast.

**28. JÚNÍ**
Sprengju- og skotárás er gerð á Ataturk-flugvöll í Istanbúl. 41 ferst.

**30. JÚLÍ**
Áhlaup er gert á herstöð í Hakkari. 35 farast.

**20. ÁGÚST**
Sprengjuárás er gerð á brúðkaupsveislu í Gaziantep. 30 farast.

> **Tyrkland mun berjast gegn plágu hryðjuverka allt til enda. Ég lofa því að árásarmennirnir munu gjalda fyrir árásirnar.**
>
> Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands



Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, tjáði sig um árásina við fjölmiðla í gær. „Tyrkland mun berjast gegn plágu hryðjuverka allt til enda. Ég lofa því að árásarmennirnir munu gjalda fyrir árásirnar,“ sagði forsetinn.

Erdogan lýsti því einnig yfir að gærdagurinn yrði dagur þjóðarsorgar og því að sprengingarnar hefðu verið til þess gerðar að hámarka mannfall.

Samkvæmt því sem Süleyman Soylu, innanríkisráðherra Tyrkja, sagði á blaðamannafundi í gær, voru þrettán handteknir í tengslum við sprengingarnar.

thorgnyr@frettabladid.is

GREIÐSLU- OG VILDARKORT

# More at LINDEX




**Nýtt kortatímabil hefst í dag!**

Facebook-Lindex Iceland
#lindexiceland

# Ætla aldrei aftur að dæma 10. desember

**Handboltadómararnir Bjarki Bóasson og Gunnar Óli Gústafsson hafa báðir fengið bylmingsskot í höfuðið þann 10 desember. Þeir ætla ekki að taka upp flautuna verði spilað á þessum degi á næsta ári.**

**ÍÞRÓTTIR** „Ég hef það ágætt. Það suðar reyndar enn töluvert í eyranu en annars er ég ágætur,“ segir Bjarki Bóasson handboltadómari en þrumuskot Adams Baumruk, í viðureign Hauka og Akureyrar í Olís-deild karla um helgina, small í stönginni og fór þaðan í höfuð Bjarka. Var gert hlé á leiknum meðan dómarinn jafnaði sig. Hann náði að klára leikinn og var lítið skammaður af þjálfurum og leikmönnum fyrir sína frammistöðu.

Leikurinn fór fram þann 10. desember en á þeim degi á síðasta ári fékk félagi hans, Gunnar Óli Gústafsson, þrumuskot Geirs Guðmundssonar í hausinn. Geir þrumaði þá í stöngina, í viðureign Vals og FH og fór boltinn beint í höfuð Gunnars sem fékk heilahristing og var frá dómgæslu í tvo mánuði í kjölfarið. Bjarki dæmdi einn síns liðs síðari hálfleikinn.

Dómaraparið er eitt af efnilegustu handboltadómurum Evrópu og hefur ferðast um víða veröld til að dæma. Bjarki segir að þessi dagsetning, 10. desember, sé langt í frá besti vinur þeirra félaga og trúlega muni flautan vera upp í hillu verði spilað á þessum degi á næsta ári.

„Hlynur Leifsson verður að minnsta kosti eftirlitsmaður hjá okkur verði spilað á þessum degi á næsta ári,“ segir hann léttur. Hlynur var einmitt eftirlitsmaður í leik Vals og FH í fyrra þegar Gunnar fékk boltann í höfuðið sællar minningar og aftur nú þegar Bjarki fékk boltann í höfuðið. „Þetta getur ekki verið tilviljun,“ segir hann og hlær.

Þrátt fyrir að vera léttur yfir atvikinu er Bjarki með suð og hellu fyrir fyrir öðru eyranu. Hann fann ekki fyrir neinum svima eða öðru eftir að leik lauk og skellti sér á tónleika um kvöldið með engum öðrum en Björgvini Halldórssyni. „Ég þóttist bara skemmta mér vel en ég heyrði í raun varla neitt,“ segir Bjarki.

benediktboas@365.is

### 10. desember

- 344. dagur ársins
- Rauði kross Íslands var stofnaður í Reykjavík
- Halldór Laxness veitti viðtöku Nóbelsverðlaunum sínum í Stokkhólmi.
- Unnur Birna Vilhjálmsdóttir sigraði í keppninni Ungfrú heimur



Bjarki Bóasson og Gunnar Óli Gústafsson eru léttir þrátt fyrir höfuðhögg á sama degi með árs millibili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta getur ekki verið tilviljun
>
> Bjarki Bóasson, handboltadómari

**40%**

**íþróttamanna hafa fengið höfuðhögg sem leiddi til einkenna heilahristings, samkvæmt rannsókn frá 2014.**



# Markmiðið að rjúfa félagslega arfinn

**Á hverju ári á að bjóða 15 til 20 einstæðum fátækum foreldrum þátttöku í verkefninu Tinnu sem á að byggja þá og börn þeirra upp. Langtímaverkefni til tveggja ára sem er klæðskerasniðið fyrir hvern og einn. Stutt skólaganga er sameiginlegt með ungu mæðrunum.**

**SAMFÉLAG** Tuttugu ungar einstæðar mæður í Breiðholti, sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu í lengri tíma, fá nú aðstoð hjá félags- og fjölskyldumiðstöð hverfisins til að byggja sig upp og afla sér menntunar. Verkefninu, sem er nefnt Tinna og fór í gang síðastliðið vor, er ætlað að rjúfa félagslegan arf.

„Úrræðið er hugsað fyrir unga einstæða foreldra og ef ungur einstæður faðir hefði uppfyllt skilyrði fyrir þátttöku hefði viðkomandi verið boðin þátttaka,“ tekur Elísabet Karlsdóttir, forstöðumaður félags- og fjölskyldumiðstöðvarinnar, fram.

Verkefnið og umgjörð þess byggist á niðurstöðum rannsóknarinnar; Jaðarstaða foreldra – velferð barna, sem Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands vann að beiðni velferðarsviðs borgarinnar. Þar var skoðað hvort atvinnustaða foreldra hafi áhrif á þátttöku barna í íþrótta- og tómstundaiðkun og hvaða hindranir verði á vegi foreldra sem fá fjárhagsaðstoð þegar þeir vilja nýta sér þjónustu fyrir börnin sín. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 15-20 einstæðum foreldrum verði vísað í verkefnið á ári hverju, að því er segir á vef velferðarráðuneytisins sem styrkir verkefnið.

Elísabet segir verkefnið, sem er langtímaverkefni til tveggja ára, klæðskerasniðið fyrir hvern og einn. Boðið er upp á alls konar námskeið eins og til dæmis í matreiðslu og hreyfingu auk foreldranámskeiðs. Börnin eru jafnframt aðstoðuð við að komast í tómstundir.

„Fyrstu mánuðirnir fóru í að kynnast fjölskyldunum og kanna áhugasvið þeirra, líðan og getu. Konurnar eru misjafnlega fljótar að rétta úr kútnum en þær hafa það markmið að það verði jákvæðar breytingar á lífi þeirra og barnanna þeirra.

Þuríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri Tinnu, segir að í haust hafi svo verið hægt að gera einstaklingsáætlun. „Fimm kvennanna eru nú komnar í framhaldsskóla. Nokkrar eru í Málaskólanum Mími og ein í hópnum er komin í vinnu,“ greinir Elísabet frá.

Stutt skólaganga er sameiginleg með ungu mæðrunum. „Dæmi eru um að þær hafi ekki lokið námi í grunnskóla. Í þeim tilfellum höfum við getað nýtt grunnmenntaskóla Mímis eða Kvennasmiðjuna. Það eru fyrstu skrefin sem þarf að taka áður en hægt er að fara í lengra nám,“ segir Þuríður.

Elísabet leggur áherslu á að meginmarkmið verkefnisins sé að rjúfa félagslega arfinn þannig að börn einstæðu foreldranna verði ekki sjálf fátækir foreldrar.

ibs@frettabladid.is




**Koma á í veg fyrir að börn einstæðra fátækra foreldra verði sjálf fátækir foreldrar, segja þær Þuríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri Tinnu, og Elísabet Karlsdóttir, forstöðumaður félags- og fjölskyldumiðstöðvar Breiðholts.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Úrræðið er hugsað fyrir unga einstæða foreldra og ef ungur einstæður faðir hefði uppfyllt skilyrði fyrir þátttöku hefði viðkomandi verið boðin þátttaka**
>
> Elísabet Karlsdóttir, forstöðumaður félags- og fjölskyldumiðstöðvarinnar

VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI – OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is



# Öll skítfallin



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hefur verið forvitnilegt að fylgjast með umræðunni í kjölfar afleitrar útkomu íslenskra nemenda í PISA-könnuninni. Eðlilega er flestum brugðið enda árangur íslenskra nemenda í 10. bekk aldrei verið verri. Ísland er á niðurleið í stærðfræðilæsi, lesskilningi og vísindalæsi auk þess sem læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hefur hrakað mikið í síðastliðnum áratug. Þriðjungur fimmtán ára drengja getur ekki lesið sér til gagns og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra bendir réttilega á að slík vangeta til upplýsingaöflunar sé í raun ógnun við lýðræðið í landinu.

Lakur árangur íslenskra nemenda í PISA-könnuninni er þó tæpast eitthvað sem kemur þeim sem starfa að og stjórna menntamálum í landinu stórkostlega á óvart. Það sem kemur enn síður á óvart er vanhæfni íslensks samfélags til að taka sjálfsgagnrýna og uppbyggilega umræðu um stöðuna. Hver höndin virðist vera upp á móti annarri í eftirleik könnunarinnar og það síðasta sem nokkurri sálu virðist detta í hug er að ræða hvað mætti betur fara í eigin störfum en margar góðar ábendingar hafa komið fram um hvað aðrir þurfi að gera betur.

Illugi Gunnarsson bendir þó á að menntamálaráðuneytið hafi ráðist í fimm ára átak til að efla lestrarfærni barna- og ungmenna og að átakinu hafi fylgt 150 milljóna króna fjárveiting. Eflaust ágætt mál fyrir þau börn sem munu njóta átaksins en hvað svo? Og hvað með þá menntun sem við erum nú þegar að veita? Ætlum við að halda áfram að gera hlutina með þeim hætti sem hefur skilað okkur þessum slaka árangri en reyna að hífa mannskapinn upp með átaki? Á svo að taka fyrir næstu námsgrein og efna þar til fimm ára átaks og þannig koll af kolli? Satt best að segja þá hljómar þetta miður skynsamlega eða vænlegt til þess að efla læsi, menntun og þar með lýðræði í landinu.

Þó svo margt hafi verið að athuga við íslenska framkvæmd PISA-könnunarinnar þá efast enginn um að árangur íslenskra ungmenna er langt undir því sem við teljum ásættanlegt og að menntakerfið á í miklum vanda. Það leynir sér ekki að sá vandi er víðtækur og verður ekki leystur með átaksverkefnum heldur aðeins með róttækri endurskoðun á öllum þeim þáttum sem snerta menntun íslenskra ungmenna frá grunni. Til þess þurfa allir sem koma að menntakerfinu að vera reiðubúnir til þess að skoða eigin starfsaðferðir og jafnvel viðurkenna að þar sé margt sem betur mætti fara. Hér er of mikið undir til þess að persónulegt eða faglegt stolt einstaklinga verði þjótur um fót.

Þetta er ekki sagt nokkurri sálu til hnjóðs. Það ætti enginn að efast um að á Íslandi starfar mikið af hæfu fagfólki sem á hverjum degi leggur sig fram við að veita góða menntun. En það er greinilega ekki nóg og því þurfum við að skoða allt sem málið varðar. Allt frá gildismati samfélagsins og framlögum okkar til þeirrar menntunar til árangursins sem við erum að ná eða ekki ná. Við erum öll búin að skítfalla á prófinu sem samfélag og það er okkar að snúa þessari þróun við sem enginn ber ábyrgð á annar en við sjálf.

**Til þess þurfa allir sem koma að menntakerfinu að vera reiðubúnir til þess að skoða eigin starfsaðferðir og jafnvel viðurkenna að þar sé margt sem betur mætti fara.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Yfirgnæfandi líkurnar**

„Það eru yfirgnæfandi líkur á að við náum saman," sagði Smári McCarthy, þingmaður Pírata, um stjórnarmyndunarviðræður fimm flokka á laugardag. Þann sama dag sagðist Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, ekki vilja gefa upp hvort hún væri bjartsýn á að samstarfsflötur fyndist. Katrín sagði jafnframt að engar fastmótaðar tillögur væru komnar á borðið en á sama tíma sagði Smári að vel hefði gengið að stilla saman strengi flokkanna um tekjuöflun ríkis.

Glasið virðist hálftómt hjá VG en hálffullt hjá Pírötum. Það er ekkert sem bendir til þess að þessir flokkar hafi setið á sömu fundum síðustu daga.

**Ögmundur vs. FBI**

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, komst í heimsfréttirnar um helgina eftir viðtal sitt við miðilinn Katoikos, þar sem hann lýsir því hvernig hann vísaði fulltrúum FBI, bandarísku alríkislögreglunnar, úr landi í krafti ráðherrastóls síns árið 2011. Að eigin sögn hafði Ögmundur grunsemdir um að fulltrúarnir sigldu hér undir fölsku flaggi. Ögmundur er yfirlýsingaglaður í viðtalinu og segist hiklaust standa frekar með Wikileaks í stað FBI eða CIA. Það er ekki á hverjum degi sem ráðamenn þjóða taka jafn einarða afstöðu gegn valdamesta ríki heims.

# Framsækin atvinnustefna VG



Kolbeinn Óttarsson Proppé
Höfundur er þingmaður Vinstri grænna

Samhliða búvörusamningunum, sem fráfarandi ríkisstjórn gerði í haust, var komið inn endurskoðunarákvæði. Það viljum við í Vinstri grænum nýta vel og ná sátt um breytingar í landbúnaði. Þar eiga umhverfismálin að vera í forgrunni. Það er skylda okkar að huga að loftslagsmálum, því vistspori sem landbúnaðurinn myndar, en það á ekki síður við þegar kemur að innflutningi, en 13 prósent af útblæstri gróðurhúsalofttegunda í heiminum eru tilkomin vegna vöruflutninga.

Það er gríðarlega mikilvægt að huga að dýravelferð og neytendavernd, þegar kemur að landbúnaði. Það gerum við með því að gera strangar kröfur um innlenda framleiðslu og huga vel að því hvernig styrkjum er háttað til hennar. Hvað innflutning varðar þarf uppruni að vera á hreinu og þar með þær aðstæður sem eru við framleiðsluna í landinu sem framleitt er, ekki síðasta viðkomustað á leiðinni til Íslands. Þannig gefst neytendum val. Við getum ekki talað fyrir dýravelferð heima fyrir, en stutt við slæman aðbúnað í öðrum löndum með því að flytja vörur úr slíkri framleiðslu inn. Vinstri græn hafa verið tilbúin til breytinga í sjávarútvegi og hafa þá stefnu að hluti aflaheimilda eigi að leigjast út á opinberum leigumarkaði. Við höfum viljað horfa til þess sem frændur okkar Færeyingar eru að gera með tilraunum í uppboði á aflaheimildum, en þar, eins og í landbúnaði, teljum við að umhverfismál eigi að skipta miklu. Sjávarútvegur verður að þróast enn frekar í átt til umhverfisvænna veiða og vinnslu.

Auðlindir hafsins eiga að vera sameign þjóðarinnar. Nokkuð rík samstaða hefur verið um það, a.m.k. á hátíðarstundum. En hvað þýðir það í raun? Við í Vinstri grænum teljum að það þýði að nýtingarréttur verður leigður út til skamms tíma, en eignarhaldið verði opinbert. Nýtingarréttur til langs tíma, áratuga jafnvel, getur nefnilega myndað hefðarrétt.

Vinstri græn telja að nú sé lag að koma umhverfissjónarmiðum enn frekar að þegar að atvinnumálum kemur. Það á bæði við hinar hefðbundnari greinar, en einnig nýrri greinar. Það er raunveruleg framsækni.

**Vinstri græn hafa verið tilbúin til breytinga í sjávarútvegi og hafa þá stefnu að hluti aflaheimilda eigi að leigjast út á opinberum leigumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Hrafnhildur og Bryndís komust báðar í undanúrslit og settu sjö Íslandsmet saman



Náðum bestum árangri á HM Bryndís Rún Hansen og Hrafnhildur Lúthersdóttir náðu bestum árangri íslenska sundfólksins á HM. Bryndís, til vinstri, setti tvö Íslandsmet og varð í 11. sæti í 50 metra flugsundi. Hrafnhildur setti fimm Íslandsmet og komst í undanúrslit í bæði 50 metra bringusundi (13. sæti)og og í 100 metra fjórsundi (11. sæti). FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND

# Stolt af íslenskum íþróttakonum í ár

**Hrafnhildur Lúthersdóttir endaði magnað ár hjá sér með því að koma að átta Íslandsmetum á HM í 25 metra laug sem lauk í nótt.**

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir var enn á ný í fararbroddi íslenskra sundmanna á stórmóti á HM25 í Windsor í Kanada. Hún setti fimm Íslandsmet í þremur greinum og komst í tvö undanúrslit. „Ég er mjög sátt,“ segir Hrafnhildur Lúthersdóttir. Hún komst fyrst íslenskra kvenna í úrslit á Ólympíuleikum í ágúst. „Ég var að koma mér aftur í form eftir Ólympíuleikana. Ég tók mér gott frí og þetta var því skemmtilegur og góður árangur á fyrsta móti eftir Ólympíuleikana,“ segir Hrafnhildur.

„Ég var rosalega ánægð með árangurinn í Ríó en þurfti á fríi að halda enda búin að vera að æfa nær samfellt í fjögur ár,“ segir Hrafnhildur. Hún fagnar því sérstaklega að Ísland átti myndarlegan hóp á mótinu. Hún er elst og reyndust í hópnum og tók að sér „fyrirliðahlutverk.

„Við hefðum ekki getað staðið okkur betur. Það eru allir að bæta sig og allir að setja Íslandsmet því allar boðsundssveitirnar settu Íslandsmet. Ég er ótrúlega stolt af þeim. Við sögðum að af því að við erum með svona marga á HM í 25 metra laug þá verða að minnsta kosti átta á HM næsta sumar. Það verður að setja smá pressu á þessa krakka,“ segir Hrafnhildur í léttum tón.

„Ég er mjög ánægð með árið og gæti ekki beðið um meira,“ segir Hrafnhildur. Hún er að flytja heim eftir mörg ár í Bandaríkjunum þar sem hún var í skóla. „Ég verð bara að æfa með í SH og með vinnu hjá Iceland Travel. Ég er að reyna að gera eitthvað í lífinu því ég held að ég sé ekki með þennan atvinnumanna-persónuleika. Ég get ekki bara setið heima og bara verið að æfa,“ segir Hrafnhildur. Hún segist gera sér vonir um að vera kosin Íþróttamaður ársins.

> **Konurnar eru að taka yfir og ég vona að það verði bara þrjár konur á toppnum í ár.**
>
> Hrafnhildur Lúthersdóttir, um val á Íþróttamanni ársins 2016.



„Ég veit að ég átti gott ár og er bæði stolt og ánægð með það. Það er rosalega erfitt val á hverju ári og margt gott íþróttafólk í boði. Ég er samt rosalega stolt af íslenskum íþróttakonum í ár. Konurnar eru að taka yfir og ég vona að það verði bara þrjár konur á toppnum í ár,“ sagði Hrafnhildur. ooj@frettabladid.is




Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 15. umferðar 2016-17**

**Watford - Everton 3-2**
0-1 Romelu Lukaku (17.), 1-1 Okaka (36.), 2-1 Pródl (59.), 3-1 Okaka (64.), 3-2 Lukaku (87.).

**Arsenal - Stoke 3-1**
0-1 Charlie Adam, v. (29.), 1-1 Theo Walcott (42.), 2-1 Mesut Özil (50.), 3-1 Iwobi (75.).

**Burnley - Bournemouth 3-2**
1-0 Hendrick (13.), 2-0 Ward (16.), 2-1 Afobe (45.), 3-1 Boyd (75.), 3-2 Daniels (90.).

**Hull - C. Palace 3-3**
1-0 Snodgrass (27.), 1-1 Benteke (52.), 1-2 Zaha (70.), 2-2 Diomande (72.), 3-2 Livermore (77.), 3-3 Campbell (88.).

**Swansea - Sunderland 3-0**
1-0 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (50.), 2-0 Fernando Llorente (54.), 3-0 Llorente (80.).

**Leicester - Man. City 4-2**
1-0 Jamie Vardy (3.), 2-0 Andy King (5.), 3-0 Jamie Vardy (20.), 4-0 Jamie Vardy (78.), 4-1 Aleksandar Kolarov (82.), 4-2 Nolito (90.).

**Chelsea - WBA 1-0**
1-0 Diego Costa (76.). Níu sigrar í röð.

**Man. Utd. - Tottenham 1-0**
1-0 Henrik Mkhitaryan (29.)

**S'ton - M'brough 1-0**
1-0 Sofiane Boufal (53.)

**Liverpool - West Ham 2-2**
1-0 Adam Lallana (5.), 1-1 Dimitri Payet (27.), 1-2 Michail Antonio (39.), 2-2 Divock Origi (48.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 15 | 12 | 1 | 2 | 33-11 | 37 |
| Arsenal | 15 | 10 | 4 | 1 | 36-15 | 34 |
| Liverpool | 15 | 9 | 4 | 2 | 37-20 | 31 |
| Man. City | 15 | 9 | 3 | 3 | 32-19 | 30 |
| Tottenham | 15 | 7 | 6 | 2 | 24-11 | 27 |
| Man. Utd | 15 | 6 | 6 | 3 | 20-16 | 24 |
| Watford | 15 | 6 | 3 | 6 | 21-26 | 21 |
| West Brom | 15 | 5 | 5 | 5 | 20-18 | 20 |
| Everton | 15 | 5 | 5 | 5 | 19-19 | 20 |
| Southampt. | 15 | 5 | 5 | 5 | 14-15 | 20 |
| Stoke | 15 | 5 | 4 | 6 | 17-22 | 19 |
| Bournem. | 15 | 5 | 3 | 7 | 21-25 | 18 |
| Burnley | 15 | 5 | 2 | 8 | 15-25 | 17 |
| Leicester | 15 | 4 | 4 | 7 | 21-26 | 16 |
| Cry. Palace | 15 | 4 | 3 | 8 | 27-29 | 15 |
| Middlesbr. | 15 | 3 | 6 | 6 | 13-16 | 15 |
| West Ham | 15 | 3 | 4 | 8 | 17-31 | 13 |
| Swansea | 15 | 3 | 3 | 9 | 19-31 | 12 |
| Hull | 15 | 3 | 3 | 9 | 14-32 | 12 |
| Sunderland | 15 | 3 | 2 | 10 | 14-27 | 11 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Sjá burðinn til hliðar



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Var ekki með Burnley gegn Bournemouth vegna meiðsla. Burnley vann þar 3-2 sigur eftir þrjú töp í röð.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Landsliðsfyrirliðinn skoraði mark Cardiff í 1-1 jafntefli gegn Ipswich.



Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Kom inn á í stöðunni 1-3 og lék í rúman hálftíma fyrir Wolves í 4-4 jafntefli gegn Fulham.



Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Sat allan tímann á bekknum hjá Fulham sem gerði 4-4 jafntefli gegn Wolves.



Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Lék allan leikinn í vörn Bristol City sem beið lægri hlut gegn Huddersfield.





Gylfi Þór Sigurðsson fagnar marki sínu á móti Sunderland um helgina. Hann skoraði þá sitt fimmta mark í ensku úrvalsdeildinni en fjögur þeirra hafa komið í síðustu átta leikjum eða síðan Bob Bradley tók við. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Leikstjórinn á Liberty-leikvar

Gylfi Þór Sigurðsson er maðurinn á bak við tvo heimasigra Swansea í röð, lífsnauðsynlega sigra í fallbaráttunni. G
sendingu í 3-0 sigri á Sunderland. Hann hefur blómstrað eftir að bandaríski knattspyrnustjórinn Bob Bradley fær

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamaðurinn Bob Bradley hefur náð því besta út úr Gylfa Þór Sigurðssyni á síðustu vikum og með því tekist að endurræsa Swansea-vélina og landa mikilvægum stigum í fallbaráttunni. Swansea hefur skorað átta mörk og fengið tvö stig út úr síðustu tveimur leikjum sínum á Liberty-leikvanginum og þar á liðið og Bradley sjálfur Gylfa mikið að þakka.

### Komið að sjö af átta mörkum

Gylfi hefur verið bæði með mark og stoðsendingu í báðum þessum sigurleikjum en auk þess átti hann þátt í undirbúningi allra hinn þriggja markanna í 5-4 endurkomusigri á Palace fyrir tveimur vikum.

Um helgina skoraði hann fyrsta markið og lagði upp mark númer tvö. Gylfi hefur því komið að sjö af átta mörkum velska liðsins í þessum lífsnauðsynlegum sigrum.

Ein af stóru breytingunum eftir komu Bob Bradley var að færa Gylfa framar á miðjuna eða jafnvel láta hann spila sem falska níu. Gylfi spilaði mun aftar á miðjunni eða úti á kanti undir stjórn Ítalans Francesco Guidolin í byrjun tímabilsins. Gylfi skilaði þeim stöðum af dugnaði og elju en hann var ekki að spila þar sem hann er bestur.

Francesco Guidolin var rekinn og eftirmaðurinn vissi hvað væri besti fyrir liðið sem var að setja Gylfa í hans bestu stöðu. Tölfræðin talar sínu máli. Gylfi átti beinan þátt í marki (mark eða stoðsending) á 240 mínútna fresti í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili þegar hann var ekki í sinni bestu stöðu en hefur komið að marki á 77 mínútna fresti eftir að hann fékk að spilar framar.

### Bradley hrósar Gylfa

Bob Bradley hrósaði Gylfa eftir leikinn um helgina. „Gylfi er búinn að vera mjög góður allt tímabilið. Hann hefur átt þátt í svo mörgum mörkum í þessum átta leikjum síðan ég tók við. Hann er hreyfanlegur, hefur frábært auga fyrir sendingum og skilar þessum föstu leikatriðum. Hann er mikilvægur hluti af okkar sóknarleik og svo fær hann heldur ekki nógu mikið hrós fyrir varnarvinnu sína," sagði Bob Bradley.

Sendingar Gylfa hafa líka átt sinn þátt í því að kveikja í spænska framherjanum Fernando Llorente. Swansea-liðinu hefur nefnilega vantað framherja á skotskónum. Það er erfitt að setja það á herðar Gylfa að bæði skora og leggja upp mörkin. Þrjár stoðsendingar Gylfa hafa öðrum fremur kveikt í Spánverjanum.

### Samvinna Gylfa og Llorente

Fernando Llorente hefur nú skorað fimm mörk, þar af tvö þeirra í síðustu tveimur heimaleikjum liðsins.

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Sigur Manchester United á Tottenham var afar mikilvægur fyrir José Mourinho og félaga. Liðið hafði leikið fjóra deildarleiki á heimavelli í röð án þess að vinna og hefði misst Tottenham níu stig fram úr sér með tapi. Sigurinn í gær var verðskuldaður og heldur United sig í námunda við toppliðin.

**Hvað kom á óvart?**
Öruggur sigur Leicester gegn Manchester City kom mörgum í opna skjöldu. Heimamenn komust í 3-0 eftir tuttugu mínútur og varnarleikur City hlýtur að valda Pep Guardiola miklum áhyggjum. Sigurinn var aðeins sá fjórði hjá Leicester á tímabilinu.

**Mestu vonbrigðin**
Loris Karius hefur ekki heillað stuðningsmenn Liverpool til þessa og frammistaða hans gegn West Ham í gær var ekki upp á marga fiska. Karius átti að leysa markmannsvandræði Jurgens Klopp en það er spurning hvort Simon Mignolet fari að fá tækifæri á ný.

## Leikmaður helgarinnar



Jamie Vardy hafði ekki skorað deildarmark síðan 27. ágúst fyrir leikinn gegn Manchester City á laugardaginn. Það tók hann hins vegar ekki nema rúmar tvær mínútur að finna leiðina fram hjá hriplekri vörn City og áður en yfir lauk hafði Vardy skorað þrennu.
Vardy skoraði 24 mörk á síðustu leiktíð sem áttu stóran þátt í óvæntum Englandsmeistaratitli Leicester og færðu honum verðskuldað sæti í liði ársins. Hvorki Leicester né Vardy hafa náð sömu hæðum á tímabilinu til þessa og framherjinn einungis skorað einu sinni í deildinni áður en kom að leiknum gegn City.
Á laugardaginn sáum við hins vegar hinn gamla góða Jamie Vardy ganga frá Pep Guardiola og leikmönnum hans. Vardy virtist fullur sjálfstrausts og kláraði færin sín af stakri snilld. Mörk hans minntu á taktana frá því á síðustu leiktíð og frábær samvinna við Riyad Mahrez hefur vafalaust glatt þjálfarann Claudio Ranieri.



Úlfrún Kristínudóttir hefur átt loðhamsturinn Gutta í næstum því ár. Hún breytti gamla dúkkuhúsinu sínu í flott einbýlishús handa honum með sniðugum útfærslum. MYND/ERNIR

# HAMSTURINN BÝR Í DÚKKUHÚSI

Úlfrún Kristínudóttir er handlaginn þúsundþjalasmiður en hún breytti gamla dúkkuhúsinu sínu í einbýlishús fyrir hamsturinn Gutta. Hvert herbergi er málað í fallegum litum og göng og stigar liggja milli hæða.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Mamma gaf mér eiginlega hugmyndina þegar við vorum að taka til í herberginu mínu og vorum að spá hvað við ættum að gera við gamla dúkkuhúsið því ég er hætt að leika mér með það. Ég breytti því í hamstrabúr fyrir loðhamsturinn minn Gutta,“ segir Úlfrún Kristínudóttir, tíu ára þúsundþjalasmiður.

„Ég hef gaman af því að smíða og hef smíðað ýmislegt í skólanum eins og bangsarúm, ávaxtakörfu og fleira. Skemmtilegast þykir mér að föndra, teikna og syngja, en ég er í kór,“ bætir hún við og segir lítið mál hafa verið að útfæra fyrirtaks hamstrabúr úr dúkkuhúsinu.

„Ég þurfti aðallega að loka fyrir öll göt og op á húsinu og gera hlera til þess að geta opnað og lokað búrinu. Ég þarf að geta opnað það á öllum hliðum svo ég geti þrifið búrið, gefið hamstrinum að éta og hleypt honum út.“

Úlfrún fékk örlitla hjálp frá pabba sínum og ömmu við smíðarnar en sá alfarið um að mála vistarverurnar að innan í fallegum litum. Gutti kemst milli hæða og herbergja í húsinu og segir Úlfrún hann hæstánægðan með nýja heimilið.

„Við gerðum gat í gólfið á efri hæðinni og svo setti ég spýtu með litlum þrepum á sem hamsturinn fer upp og niður á milli hæða. Uppáhaldsstaðurinn hans er kósíhorn þar sem hann hefur hreiðrað um sig í, dimmasta horninu á neðri hæð hússins, undir stiganum. Ég setti skrautlegan trékassa sem ég smíðaði og málaði í skólanum í búrið og göng sem ég gerði »

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA
weber



WEBER Q-2200 og Q-3200 á fótum
er komið í verslanir
WWW.WEBER.IS

Skatan er komin á Sjávarbarinn!



Erum byrjuð að framreiða ilmandi skötu með öllu tilheyrandi.
Alla daga fram að jólum.
Afsláttur fyrir hópa.
Pantanir í síma 517 3131 og 696 5900.

2 FYRIR 1
Skötuveisla 3.600 kr. fyrir tvo til og með 16.des.
Klipptu flipann út og taktu með þér.

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is








Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00

Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar. Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS




**Úlfrún lokaði fyrir öll göt og op á húsinu og útbjó hlera sem auðvelt er að opna. „Ég þarf að geta opnað á öllum hliðum svo ég geti þrifið búrið, gefið hamstrinum og hleypt honum út.“**

» handa honum úr pappakassa. Ég hef átt Gutta í næstum því ár. Ég á hann alveg ein og sé um hann sjálf. Ég hef áður átt naggrísi með fjölskyldunni og við eigum hund sem heitir Skella. Hún er mjög forvitin um Gutta. Ég held að hún haldi að Gutti sé litli bróðir hennar,“ segir Úlfrún brosandi.

Kann Gutti einhverjar listir? „Gutti kann engin trix, en hann er mjög sterkur og á ekki erfitt með að klifra og hífa sig upp útitröppurnar heima hjá okkur. Gutta finnst flest grænmeti gott, en best þykir honum hrökkbrauð og alls konar poppkex,“ segir Úlfrún og auðséð er að henni þykir afar vænt um gæludýrið sitt. Á jólunum ætlar hún að gera sérstaklega vel við hann.

„Ég ætla ég að gefa Gutta maískex á jólunum.“



**Einföld festing á hlera í þakinu.**



**Gutti er hæst ánægður með nýja húsið og þvælist milli hæða og herbergja um göng og stiga sem Úlfrún útbjó fyrir hann.**




CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ**
sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR**
**ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:**
Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349*
Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900 • landmark.is
Landmark leiðir þig heim!
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.



Magnús Einarsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson, Löggiltur fasteignasali, Sími 896 2312
Sveinn Eyland, Löggiltur fasteignasali, Sími 690 0820
Kristján Ólafsson, Hrl. Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, Sölustjóri, Sími 770 0309
Eggert Maríuson, Aðstoðarmaður fasteignasala, Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir, skjalagerð
CITROEN Jumper relay ft30 l2-h1. Árgerð 2012, ekinn 72 Þ.KM, dísel, beinskiptur. Verð 2.590.000.+ vsk Rnr.117607.



RENAULT Kangoo express. Árgerð 2008, ekinn 85 Þ.KM, bensín, beinskiptur. Verð 799.000.+ vsk Rnr.118749.



FORD Transit connect. Árgerð 2012, ekinn 77 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.350.000.+ vsk Rnr.118522.



FORD Transit. Árgerð 2013, ekinn 76 Þ.KM, dísel, . Verð 1.590.000. + vsk Rnr.118448.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
**Iceland**


**100bilar.is** bílasala



Honda CR-V Elegance, 2/2016, ek 48 þús km, bensín, sjsk, ásett verð 4.770 þús, er á staðnum, raðnr 152753.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**






# nginum

ylfi var með mark og stoð-
ði hann framar á völlinn.

**» Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað 4 mörk og gefið 4 stoðsendingar í síðustu 8 leikjum Swansea í ensku úrvalsdeildinni og liðið hefur náð 8 af 12 stigum sínum á tímabilinu í þeim.**

Gylfi hefur lagt upp fyrsta markið hans Llorente í öllum þremur leikjunum meðan spænski framherjinn hefur fundið netmöskvanna.

Gylfi sjálfur var í viðtali á heimasíðu Swansea eftir leik. „Þetta er bara einn sigur en við höfum ekki unnið 3-0 í langan tíma þannig að svona sigur gefur okkur mikið sjálfstraust. Það var líka mjög mikilvægt að ná þessum sigri eftir leikinn á móti Tottenham,“ sagði Gylfi.

**Var ekkert stressaður**

„Við getum byggt ofan á svona úrslit. Við höfum spilað vel í þremur af síðustu fjórum leikjum og verðum að taka það með okkur inn í næstu leiki á móti Middlesbrough og West Brom,“ sagði Gylfi. Gylfi segist ekki hafa verið neitt stressaður þegar hann tók vítið sem kom Swansea í 1-0. „Þetta var frábært tækifæri til að koma okkur yfir og ná mómentinu með okkur. Það var líka mjög gott að fá mark úr föstu leikatriði í öðru markinu og þetta var einnig mikilvægt fyrir Fernando,“ sagði Gylfi.

**ooj@frettabladid.is**

## Nýjast

### Dominos-deild kvenna

**Grindavík - Valur 66-69**

**Stigahæstar:** Ashley Grimes 27/13 frák./5 stoðs., María Ben Erlingsdóttir 16, Petrúnella Skúladóttir 11/7 frák. - Mia Loyd 30/21 frák., Elfa Falsdottir 11, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 8/13 frák., Bergþóra Holton Tómasdóttir 7.

**Keflavík - Njarðvík 79-59**

**Stigahæstar:** Emelía Ósk Gunnarsdóttir 14/13 frák., Birna Valgerður Benónýsd. 13, Erna Hákonardóttir 12, Thelma Dís Ágústsd. 10/14 frák., Ariana Moorer 9 - Carmen Tyson-Thomas 39/17 frák., Björk Gunnarsdóttir 6, Hulda Bergsteinsdóttir 6

**Stjarnan - Snæfell 60-52**

**Stigahæstar:** Danielle Rodriguez 17/10 frák./6 stoðs./5 stolnir, Ragna Margrét Brynjarsd.16/14 frák., Jenný Harðardóttir 8, Bryndís Hanna Hreinsd. 8 - Aaryn Ellenberg-Wiley 26, Berglind Gunnarsdóttir 7, Andrea Björt Ólafsdóttir 7, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5, Gunnhildur Gunnarsdóttir 5.

**Haukar - Skallagrímur 38-74**

**Stigahæstar:** Kelia Shelton 12/10 fráköst, Rósa Björk Pétursdóttir 10 - Tavelyn Tillman 24/5 stolnir, Kristrún Sigurjónsdóttir 16/8 frák./6 stoðs., Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12/16 frák., Sólrún Sæmundsdóttir 8, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7/10 frák.,

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 20 | Valur | 10 |
| Snæfell | 16 | Njarðvík | 10 |
| Skallagrímur | 16 | Grindavík | 6 |
| Stjarnan | 12 | Haukar | 6 |

### Olís-deild karla

**Haukar - Akureyri 29-19**

**Markahæstir:** Adam Haukur Baumruk 9, Daníel Þór Ingason 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 4, Janus Daði Smárason 3, Heimir Óli Heimisson 3, - Kristján Orri Jóhannsson 6, Mindaugas Dumcius 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 22 | Selfoss | 14 |
| Haukar | 20 | Grótta | 11 |
| FH | 18 | Akureyri | 11 |
| Valur | 16 | Fram | 11 |
| ÍBV | 16 | Stjarnan | 9 |

**Í TÓLFTA SÆTI FYRIR LOKADAG**

Valdís Þóra Jónsdóttir á enn góða möguleika á því að komast í lokaúrtökumótið fyrir LET Evrópumótaröðina. Hún er í 12. sæti fyrir lokadaginn, á níu yfir pari, en 30 efstu komast inn á lokamótið sem fer fram í næstu viku í Marokkó. Lokahringurinn er spilaður í dag.

**HALLBERA ORÐIN LIÐSFÉLAGI GUÐBJARGAR Í STOKKHÓLMI**

Landsliðsbakvörðurinn Hallbera Guðný Gísladóttir hefur yfirgefið Blika og samið við sænska liðið Djurgården. Hún verður þar liðsfélagi landsliðsmarkvarðarins Guðbjargar Gunnarsdóttur. „Það var ekki erfið ákvörðun að fara út en auðvitað er erfitt að yfirgefa Blikana sem er toppklúbbur. Þetta er eitthvað sem ég þurfti að gera fyrir mig persónulega,“ sagði Hallbera í viðtali við íþróttadeild 365. Hún segir EM kvenna næsta sumar vera aðalástæðuna fyrir því að hún er á leið út í atvinnumennsku.



„Það gengur ekkert rosalega vel að æfa eins og afreksmaður í íþróttum þegar það er svona mikið að gera. Með því að fara út þá þarf ég ekki að vinna lengur,“ sagði Hallbera sem er í fullu námi með vinnu.

## Í dag

**21.00 Messan** Sport

**Olís-deild karla**

**19.30 Valur - Stjarnan** Valshöll

**Coca-Cola bikar karla**

**19.30 Víkingur - Selfoss** Víkin







Thelma Dís Ágústsdóttir (t.v.) og Emelía Ósk Gunnarsdóttir tóku 27 fráköst saman í sigrinum á Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Litlu slátrarnir landa sigrum í vörninni

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Keflavíkur er komið með fjögurra stiga forskot á toppi Domino´s deildar kvenna í körfubolta eftir tuttugu stiga sigur á nágrönnunum úr Njarðvík um helgina. Þetta var fimmti sigur Keflavíkurliðsins í röð og þessa fimm sigra hafa Keflavíkurstelpurnar unnið alla með þrettán stigum eða meira.

Það eru bæði gömul sannindi og ný að titlar vinnist á góðum varnarleik og þessi margsannaða boltaspeki ætti að ýta undir væntingar Keflvíkinga til kvennaliðsins síns það sem eftir lifir vetrar.

Keflavíkurliðið er kornungt og reynslulítið en þær lærðu að elska að spila vörn í yngri flokkunum og eru heldur ekki að tapa mikið á því að vera þjálfaðar af tvöföldum varnarmanni ársins í Sverri Þór Sverrissyni. Undir stjórn Sverris eiga öll lið í erfiðleikum með að skora hjá þeim.

> Skotnýting mótherja Keflavíkur í síðustu fimm leikjum er aðeins 30,7 prósent og Keflavík hefur unnið þá með samtals 96 stigum eða 19 stigum í leik.

Meðaldur leikmanna Keflavíkurliðsins í dag, sem spila meira en tíu mínútur að meðaltali í leik, er aðeins 19,8 ár. Það er því fróðlegt að skoða varnartölfræði liðsins upp á síðkastið. Mýtan að ungir leikmenn séu ekki eins góðir varnarmenn á alls ekki við hjá þessu liði.

Keflavíkurkonur eru nefnilega búnar að halda mótherjum sínum undir 40 prósenta skotnýtingu og undir 70 stigum í fimm leikjum í röð. Liðið hefur unnið alla fimm leikina sannfærandi og er nú öruggt með að vera á toppnum yfir jólin.

Snæfell er að fá á sig fæst stig í leik en stigaskorið snýst líka um tempó í leikjunum og Keflavíkurliðið keyrir upp hraðann í sínum leikjum. Það að mótherjar liðsins klikki á næstum því 7 af hverjum 10 skotum sínum er mögnuð tölfræði fyrir hvaða lið sem er hvað þá lið sem ætti að vera miklu blautara á bak við eyrun. **- óój**

# Þau áttu helgina

## Adam Haukur Baumruk
*Handboltamaður í Haukum*

Adam Haukur átti frábæran leik þegar Haukar unnu tíu marka sigur á Akureyri, 29-19, í lokaleik fimmtándu umferðar Olís-deildar karla. Adam skoraði níu mörk fyrir sína menn, flest með þrumuskotum.

Adam Haukur hefur ekki verið inni í myndinni hjá landsliðsþjálfaranum Geir Sveinssyni en hann hefur minnt á sig að undanförnu. Þessi öfluga skytta og sterki varnarmaður hefur skorað 49 mörk í átta leikja sigurgöngu Haukanna.



## Ómar Ingi Magnússon
*Handboltamaður hjá danska liðinu Århus Håndbold*

Hinn stórefnilegi handboltamaður Ómar Ingi Magnússon er kominn á skrið í dönsku úrvalsdeildinni en hann hefur verið markahæstur í tveimur síðustu leikjum liðsins Århus Håndbold. Ómar Ingi var með 6 mörk og 6 stoðsendingar á móti TTH Holstebro um helgina og 8 mörk og 3 stoðsendingar á móti Skjern í síðustu viku. Ómar Ingi var með 7,0 mörk og 4,5 stoðsendingar í þessum tveimur leikjum sem er mun hærra en meðaltal hans. Hann er nú markahæsti Íslendingurinn í dönsku deildinni og inni á topp tuttugu í mörkum (20. sæti) og inn á topp tíu í stoðsendingum (9. sæti). Ómar Ingi verður væntanlega með Íslandi á sínu fyrsta stórmóti á HM í Frakklandi.



## Bryndís Rún Hansen
*Sundkona úr Óðni og með háskólaliði University of Hawaii.*

Bryndís Rún Hansen setti sitt annað Íslandsmet á HM í 25 metra laug og varð um leið fyrst til að synda 100 metra flugsund á undir einni mínútu um helgina þegar hún synti á 59,95 sekúndum og náði 27. sæti. Gamla metið í greininni átti Bryndís sjálf, en það er 1:00,25 mín. og var sett í Bergen árið 2011. Bryndís hafði áður sett Íslandmet í 50 metra flugsundi á mótinu þar sem hún náði 16. sæti. Bryndís Rún hefur flutti sig frá Flórída til Havaí. Hún var tvö ár í Nova Southeastern University í Fort Lauderdale en flutti sig yfir í University of Hawaii í Manoa í vetur. Þessi skipti hafa greinilega hjálpað henni því hún er að ná sínum besta árangri á stórmóti á HM í Windsor.





# Um vanhæfi

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Hvenær er dómari vanhæfur til að úrskurða í málum? Því verða aðrir að svara en ég, sem er bara maður úti í bæ, fæddur í spurningamerkinu.

Þessari spurningu verða líka aðrir að svara en verjendur og aðrir launaðir starfsmenn úr þeim mikla Hrunamannahreppi sem sakborningar úr auðmannahópi virðast hafa kringum sig um þessar mundir, verjendur, ráðgjafar, almannatenglar, auglýsingamenn, þartilráðnir mótendur almenningsálits, sem skipuleggja PR-átak með markvissum lekum í valda fjölmiðla, sem að sjálfsögðu bregðast við með umfjöllun, eins og eðlilegt er.

### „Grundar dóma …?“

Hvenær er dómari vanhæfur? Stundum heyrist sagt að nóg sé að vakni grunsemdir um vanhæfi; þar með sé traustið farið og vanhæfið blasi við. Er það ekki nokkuð ströng kenning? Nægir þá verjendum, og öðrum starfsmönnum sakborninganna, ekki að hamra á grunsemdum sínum um vanhæfi, jafnvel þótt tilefnislítið kunni að vera – alveg þangað til dómari fæst sem viðkomandi telja sig hafa ástæðu til að ætla að verði sér hliðhollur? Hvenær eru grunsemdir um vanhæfi orðnar almennar? Þegar þær eru nógu hávaðasamar og nógu títt fram bornar – þótt augljóslega sé um að ræða skipulagða aðgerð? Er slíkt ekki til þess fallið að grafa undan réttarríkinu? Hvenær er dómari vanhæfur? Þegar hann grettir sig? Þegar honum mislíkar augljóslega framganga sakbornings?

Ég veit það ekki. Dómarar eru fólk sem fer í sund og hlustar á veðurfréttir í útvarpinu, fer í bankann, fær kvef, horfir á Barnaby. Fólk sem lifir sínu lífi. Ekki goðmögn einhvers staðar uppi í fjalli. Það að vera dómari er starf sem útheimtir vissa sérhæfða þekkingu – eins og að vera fiðlusmiður eða netagerðarmaður. Þetta útheimtir ákveðinn þankagang, þjálfun í að horfa á mál og leysa þrautir. Er ekki ágætur mælikvarði á störf dómara að líta á það hvernig dómar viðkomandi eru unnir? Eru þeir vel rökstuddir, málin reifuð af víðsýni og sanngirni, niðurstaðan fengin að undangenginni skýrri röksemdafærslu, þar sem öllu er til skila haldið og öll sjónarmið skoðuð, vegin og metin? Eða ekki? Dómarinn horfir á mál frá öllum hugsanlegum hliðum áður en dómur er látinn falla. Vakni rökstuddur grunur um að svo hafi ekki verið, sé dómur áberandi illa rökstuddur þannig að halli á aðra hliðina, er kannski ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvort annarleg sjónarmið hafi þar verið að verki.

**Þetta útheimtir ákveðinn þankagang, þjálfun í að horfa á mál og leysa þrautir.**

### Dansinn í Hruni

Dómar í Hrunmálunum eru sérlega mikilvægir fyrir okkur sem samfélag vegna þess að þar er dæmt í málum vegna umsvifa sem reyndust mjög afdrifarík fyrir land og þjóð. Brýnt er að fá úr því skorið hvað má og hvað má ekki gera í meðferð fjár hér á landi – vel að merkja fjármuna almennings, eins og var í tilviki bankanna. Ekki hefur maður mikið séð slíka grundvallarumræðu hjá verjendum þeirra sem við þá sögu koma; en þeim mun meira gert af því að reyna að ryðja út úr dóminum sönnunargögnum á þeim forsendum að ekki hafi verið rétt staðið að því að afla þeirra; vitnum á þeim forsendum að þau séu ekki marktæk – og dómurum á þeim forsendum lengi vel að þeir væru undir áhrifum múgæsingar í samfélaginu, létu hrífast með af þeirri reiðiöldu sem skók undirstöður samfélagsins í kjölfar Hrunsins og létu undan þrýstingi hins óða múgs að fá einhverja til að bera burt syndir samfélagsins – en nú í seinni tíð, á þeim forsendum að þeir séu sjálfir haldnir þessari reiði. Allt er þetta gert með þess háttar fasi, að verjendur og sakborningar séu á einhvern hátt yfir réttarkerfið hafnir.

Sú greining að blind reiði sé helsta hreyfiaflið í uppgjörinu við Hrunið virðist hafa leitt ráðgjafa sakborninga á þá braut að þeir skuli reyna sjálfir að hagnýta sér það reginafl, og snúa því að dómurum Hæstaréttar í þeirri von að veikja þá nægilega til að þeir hrökklist úr sínu sæti.





Hvenær er dómari vanhæfur til að fjalla um hugsanleg efnahagbrot bankamanna? Þegar hann hefur átt innistæðu í banka eða tekið bílalán? Sumir tala þannig. Ætli slíkir menn séu ekki torfundnir? Markús Sigurbjörnsson, dómarinn sem mjög hefur verið til umræðu, erfði hlutabréf í Glitni og víðar eftir móður sína. Hann tilkynnti þar til bærum aðilum um eign sína – þótt öðru væri haldið fram í fjölmiðlaumfjöllun. Eignin óx og margfaldaðist – og hann seldi svo bréfin og setti í svonefnda eignastýringu í hinum illræmda Sjóði níu, eins og svo margt fólk gerði. Á því tapaði hann upphæð sem nam andvirði eins jeppa. Það kann að vera næg ástæða til að reiðast þeim sem tæmdu Sjóð níu – en það breytir samt engu um gerðir þeirra og ábyrgð á afdrifum sjóðsins.

Uppgjör vegna Hrunmála hafa dregist óhæfilega og maður getur vel ímyndað sér að það sé erfitt hlutskipti að eiga yfir höfði sér þrúgandi dómsmál árum saman, jafnvel þótt maður sé þegar að afplána dóm vegna fyrri mála. Hvað sem kann að líða hugsanlegri sök manna í Hruninu er þetta óbærilegt hlutskipti, og bætist við óvild almennings og æruleysi. Auðmenn og meintir fjárplógsmenn eiga líka sín mannréttindi. Margvíslegar ástæður eru eflaust fyrir þessum drætti – verklag saksóknara, fjársvelti hjá embætti sérstaks saksóknara, eðli málanna – hitt og þetta. En ætli drjúg ástæða sé samt ekki líka hvernig vörnum er hagað í þessum málum, þar sem öllum ráðum er beitt til að tefja þau, þyrla upp moldviðri, berjast um hvert snifsi og draga allt sem mest á langinn, í von um að sakir fyrnist og gögn týnist, og samfélagið þreytist. Í rauninni græðir enginn á því, nema náttúrlega Hrunamannahreppurinn, verjendurnir, ráðgjafaherinn, almannatenglarnir og þartilráðnir mótendur almenningsálitsins.

# Að velja sér sinn dómara



Hreiðar Már Sigurðsson

Það getur skipt miklu fyrir aðila dómsmáls hvaða einstaklingur er valinn sem dómari í máli þeirra. Allir þeir sem hafa unnið við eða komið að dómsmálum vita að val á dómara getur jafnvel skipt sköpum við úrlausn mála.

Af þeim sökum hefur löggjafinn sett í lög ákvæði sem kveður á um að tryggja skuli að tilviljun ráði hvaða dómari fái úthlutað máli þegar dómstóll fær mál til málsmeðferðar. Í 18. grein laga um dómstóla segir um úthlutun mála til dómara: „Við úthlutun mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar.“

Á árinu 2010 braut Embætti sérstaks saksóknara lög þegar farsími minn var hleraður þrátt fyrir að ég hafi verið ný kominn úr yfirheyrslum þar sem ég hafði rétt til að svara ekki spurningum sem beint var til mín. Til að bíta höfuðið af skömminni þá hleruðu starfsmenn Embættis sérstaks saksóknara einnig samtöl mín við lögmann minn þar sem við ræddum mál þar sem rannsókn beindist gegn mér. Það er heilagur réttur sakaðs manns að geta leitað sér ráðgjafar lögmanns í trúnaði en Mannréttindadómstóll Evrópu hefur nú ákveðið að taka kæru vegna þessara brota til skoðunar.





Embætti sérstaks saksóknara fékk hlerunarbeiðnir sínar stimplaðar af héraðsdómara. Þrátt fyrir að Embætti sérstaks saksóknara hefði aðsetur í Reykjavík og þeir sem áttu að hlera dvöldu í Reykjavík og hefðu lögheimili erlendis, ákvað embættið að leita til Héraðsdóms Vesturlands eftir heimild til hlerunar.

Héraðsdómur Vesturlands er að einu leyti verulega frábrugðinn Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness. Við Héraðsdóm Vesturlands er einungis einn dómari. Árið 2010 var dómarinn þar Benedikt Bogason, núverandi hæstaréttardómari.

Með því að velja Héraðsdóm Vesturlands var Embætti sérstaks saksóknara ekki einungis að velja sér dómstól heldur í raun einnig að velja sér dómara. Ef Embætti sérstaks saksóknara hefði leitað til Héraðsdóms Reykjavíkur hefðu starfsmenn embættisins ekki vitað hvaða dómari fengi málinu úthlutað. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hafði áður en hann tók við því embætti verið Sýslumaðurinn á Vesturlandi. Þá var hann með aðsetur á Akranesi, sem er í umdæmi Héraðsdóms Vesturlands. Það var því ákaflega hentugt fyrir Ólaf Þór að beina hlerunarbeiðnum sínum til Benedikts Bogasonar dómara, en þeir höfðu á sama tíma til fjölda ára gegnt embættisstörfum réttarkerfisins á Vesturlandi. Þar áður höfðu þeir stundað nám á sama tíma í lagadeild Háskólans og unnið um tíma saman hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði.

Undir rekstri dómsmála sem hafa verið höfðuð á hendur mér hefur komið fram í vitnisburði fyrrum lögreglumanns hjá Embætti sérstaks saksóknara að Benedikt Bogason dómari skáldaði upp þinghald og falsaði skjal þess efnis þegar hann útvegaði lögreglumönnum Embættis sérstaks saksóknara hlerunarúrskurðinn. Ekkert þinghald var haldið, engin gögn voru lögð fram, dómarinn lagði ekkert sjálfstætt mat á hvort nauðsyn væri að hlera símtöl mín og ekkert vitni var að þinghaldinu eins og lög kveða á um. Hlerunarúrskurðurinn var einfaldlega stimplaður á heimili Benedikts Bogasonar í Reykjavík.

Af þessum sökum, vegna spillingar embættismanna ríkisins, hef ég stefnt íslenska ríkinu til greiðslu miskabóta. Málið var þingfest í síðasta mánuði en ríkislögmaður fékk frest til að skila greinargerð til 17. janúar.





## Merkisatburðir

**627** Býsanski herinn sigrar sveitir Khosrau annars Persíukeisara við borgina Níníve
**884** Karlómann annar Vestur-Frankakonungur deyr við veiðar. Við af honum tekur Karl feiti sem sameinar Frankaveldi í síðasta sinn.
**1643** Torstensonófriðurinn hefst með innrás sænska herforingjans Lennarts Torstensons inn í Jótland.
**1901** Marconi-félagið sendir loftskeyti yfir Atlantshafið í fyrsta sinn.
**1911** Delí verður höfuðborg Indlands í stað Kalkútta.
**1941** **Adolf Hitler** lýsir því yfir á fundi leiðtogaráðs Nasistaflokksins að algjör útrýming gyðinga sé yfirvofandi.
**1948** Sex farast er snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu.
**1963** Kenýa fær sjálfstæði frá Bretlandi.
**1987** Hótel Ísland er tekið í notkun.
**1990** Gísli Sigurðsson læknir kemur heim frá Kúveit eftir að hafa verið gísl í fjóra mánuði.



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Helgason**
**Sléttuvegi 31, Reykjavík,**

sem lést þriðjudaginn 6. desember verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 13. desember klukkan 13. Þeir sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Óskar Sverrisson** **Eiríksína Hafsteinsdóttir**
**Jón Sverrir Sverrisson** **Margrét Steindórsdóttir**
**Helgi Sverrisson** **Sigurborg K. Stefánsdóttir**
**Sigríður Ragna Sverrisdóttir** **Sigurbjörn J. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hreinn Steinsson**
**frá Siglufirði, til heimilis að Sléttahrauni 25, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 15. desember klukkan 13.00.

**Anna Sigrún Hreinsdóttir** **Þórður Þórðarson**
**Steinunn Hreinsdóttir** **Örn Geirsson**
**Vilhjálmur Hreinsson** **Fríða Rut Heimisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Gerir upp árið með sinni eigin listasýningu

**Nú á dögunum opnaði listakonan Kristín Dóra Ólafsdóttir sýningu sína, Allt gott, í Gallerý Tukt. Sýningin er þakklætisvottur til Svíþjóðar. Hún segir að maður verði að vera einlægur við sjálfan sig svo maður geti skapað trúverðuga list. Þetta er þriðja sýning hennar.**

„Sýningin er uppgjörið mitt á árinu 2016. Hún fjallar um það sem hefur verið mér hugleikið á árinu, sem er hamingjan, ástin og sjálfsástin,“ segir Kristín Dóra Ólafsdóttir listakona. Kristín opnaði á dögunum listasýninguna, Allt gott, í Gallerý Tukt í Hinu húsinu í Reykjavík.

„Ég er myndlistarmaður og ég vinn með orð. Þá er ég kannski ljóðskáld líka. Orðin fylgja mér alltaf en ég á þau ekki, ég miðla þeim bara,“ segir Kristín. Útgangspunkturinn í listaverkum Kristínar eru orð sem hún þróar síðan áfram í einhvers konar listform, til dæmis málverk eða ljóð. Húmorinn skiptir hana máli og gætir hans í mörgum verka hennar.

Kristín segir sýninguna vera þakklætisvott til Svíþjóðar en síðastliðið vor stundaði Kristín nám í Gautaborg í skiptinámi frá Listaháskóla Íslands. Sýningin hlaut nafnið, Allt gott, vegna þess að kennarar hennar í Gautaborg skrifuðu alltaf undir bréf til hennar með þeim orðum.

„Ég skrifa niður nánast allt sem ég hugsa og þannig hef ég lært að þekkja tilfinningar mínar mjög vel. Ef maður ætlar að gera trúverðuga list verður hún að vera einlæg og þá skiptir máli að vera einlægur við sjálfan sig,“ segir Kristín. Hún segir sjálfstraustið mikilvægt í lífinu og listinni og það hafi hjálpað henni mikið í sinni listsköpun

„Í tæp þrjú ár hef ég verið í sjálfsástarátaki og það hefur gjörbreytt lífi mínu eins dramatískt og það hljómar. Átakið snýst bara um að hugsa fallega til mín og gera meira af hlutum sem veita mér gleði,“ segir Kristín. Með auknu sjálfstrausti fór boltinn að rúlla hjá Kristínu og er sýningin, Allt gott, hennar þriðja einkasýning.

Sýning Kristínar er opin á virkum dögum til tuttugasta desember.

**thorgeirh@frettabladid.is**




**Sýning Kristínar er opin á virkum dögum til tuttugasta desember** MYND:KRISTÍN DÓRA

ÞETTA GERÐIST: 12. DESEMBER 2013

# Kaupþingsmenn dæmdir í Al-Thani málinu

Dómur var kveðinn upp í Al-Thani málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur þennan dag fyrir þremur árum. Voru þá þeir Hreiðar Már Sigurðsson, Sigurður Einarsson, Ólafur Ólafsson og Magnús Guðmundsson dæmdir í fangelsi.

Al-Thani málið á rætur að rekja til hlutabréfakaupa sheikh Mohammad Bin Khalifa Al-Thani í Kaupþingi banka fyrir 25,7 milljarða króna með láni frá bankanum þann 22. september árið 2008. Fyrir þessa upphæð fengust 5,01 prósent í bankanum á þeim tíma. Embætti sérstaks saksóknara hélt því fram að um sýndarviðskipti hefði verið að ræða til að halda uppi hlutabréfaverði í Kaupþingi og skapa þannig falska eftirspurn eftir hlutabréfum í bankanum.

Sigurður, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, var dæmdur í fimm ára fangelsi. Hreiðar Már, fyrrverandi forstjóri í fimm og hálfs árs fangelsi. Ólafur, sem var hluthafi í Kaupþingi, í þriggja og hálfs árs fangelsi og Magnús, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, í þriggja ára fangelsi.

Hæstiréttur kvað upp sinn dóm rúmu ári seinna. Þá var dómur yfir Hreiðari Má staðfestur, dómur yfir Sigurði mildaður úr fimm árum í fjögur, dómur yfir Ólafi þyngdur í fjögur og hálft ár og dómur yfir Magnúsi þyngdur í fjögur og hálft ár sömuleiðis.



**Sigurður Einarsson og Ólafur Ólafsson fyrir héraðsdómi.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# JÓLAGLAÐNINGURINN





*Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett að verðmæti 14.990.*

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

*Fæst í þrjátíu litum*

## KITCHENAID HRÆRIVÉLIN

*Verð frá kr. 89.990*



**KitchenAid**
***Sleikjuarmur***
*Frábær í baksturinn*
VERÐ **5.990**



**KitchenAid**
***Pastagerðarvél***
*Fyrir heimagert pasta*
VERÐ **29.990**



**KitchenAid**
***Ísgerðarskál***
*Hrærivélin verður ísvél*
VERÐ **19.990**



**KitchenAid**
***4,8 lítra hitaskál***
*Eldaðu með hrærivélinni*
VERÐ **64.990**

## Saeco kaffivélar



*Mikið úrval*

CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS

## JÓLAKAUPAUKI

*1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla á meðan birgðir endast.*

caffè KIMBO



**KitchenAid**

***Hágæða blandari***

- 0,9 hestafla blandari
- 4000-11500 sn. á mín.
- 1,5 L glerkanna + auka kanna
- 5 hraðar, púls, klakastilling

*Auka kanna fylgir!*

*13 litir* VERÐ **39.990**

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Vestlæg átt á mánudag, líklega 18-23 m/s um tíma á austanverðu landinu, en mun hægari vestan til. Rigning eða slydda víða og hiti 1 til 7 stig. Suðvestan 10-15 og él seint á mánudag, en léttir til á Austurlandi. Kólnar heldur.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 5° |
| 16 | 18 | 14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 6° | 2° |
| 13 | 13 | 21 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | 1° |
| 7 | 7 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 2° | -2° |
| 7 | 3 | 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hvetja
6. skst.
8. löng
9. æxlunarkorn
11. átt
12. aðfall
14. fet
16. stefna
17. frjó
18. ágæt
20. tveir eins
21. skjótur.

**LÓÐRÉTT**
1. nýja
3. í röð
4. bruggun
5. skel
7. frægð
10. þrá
13. amboð
15. ala
16. upphrópun
19. komast.




**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. no, 8. sið, 9. gró, 11. na, 12. aðsog, 14. skref, 16. út, 17. fræ, 18. fín, 20. óð, 21. frár.
**LÓÐRÉTT:** 1. unga, 3. rs, 4. víngerð, 5. aða, 7. orðstír, 10. ósk, 13. orf, 15. fæða, 16. úff, 19. ná.

### Skák Gunnar Björnsson



Stepaniec átti leik gegn Ljubenski í Póllandi árið 1955.

**Svartur á leik**

**1...Bf3+! 2. gxf3 Dc2+ 3. Ke1 Rxf3+ 0-1**. Afar góð frammistaða Óskars Víkings og Stefáns Orra Davíðssona á Spáni og Arons Þórs og Alexanders Oliver Mai á Ítalíu.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 5 | | | | | 3 |
| 9 | 8 | | 3 | | | 2 | | 7 |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | 2 |
| 6 | 2 | | 9 | 3 | | | | |
| | 3 | 5 | 8 | | | | | 4 |
| 3 | | | | | 9 | 1 | | |
| | 9 | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 2 | | | 3 | | | |
| 1 | 9 | | | 4 | | | | |
| | 5 | | 2 | 8 | | | 9 | |
| | | 7 | | | 4 | 5 | | |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 2 | 3 | 9 | | | 7 | | | 6 |
| | | | | 3 | 8 | | | 1 |
| 9 | 4 | | | | | | 7 | |
| | 2 | | 9 | | 5 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | | 6 |
| 4 | | 8 | 2 | | | 9 | 3 | |
| | 7 | | 8 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 7 | | 3 |
| | | | 9 | | 8 | | | |
| | | 6 | | 4 | 7 | | | |
| 3 | 6 | | | | | | | 2 |
| | | | 4 | 6 | | | 5 | |
| | 4 | | | 3 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:40 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 - 10:45 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALLIED | KL. 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:15 - 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is



Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir verður á Café Rosenberg.

## Tónlist

**Hvað?** Jól með Sissel
**Hvenær?** 18.00 og 20.30
**Hvar?** Harpa

Sissel Kyrkjebø er ein skærasta sópranstjarna Norðurlandanna og hefur selt upp á hverja tónleikana á fætur öðrum, árum saman. Hún verður með glæsilega jólatónleika í Eldborg í Hörpu. Að þessu sinni slást tónlistarmenn á heimsmælikvarða með í för, sem hafa margir hverjir unnið með mörgum helstu stjörnum heims, þeirra á meðal eru Wayne Hernandez, Sam White og Phoebe Edwards. Á tónleikunum flytja þau kraftmikil dægurlög ásamt klassískum jólalögum sem lokka fram jólastemningu.

**Hvað?** Friðarjól
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Café Rosenberg

Ljúfir og notalegir jólatónleikar. Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og píanóleikarinn Hlynur Þór Agnarsson fá til liðs við sig Rúnar Kristin Rúnarsson söngvara og Björn Kristinsson saxafónleikara. Þau lofa ósvikinni jólastemmningu. Aðgangur kr. 2.000.





Á Lost Hostel verður boðið upp á kennslu í piparkökuskreytingu.

## Viðburðir

**Hvað?** Samgöngur erlendra ferðamanna á Íslandi
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, VR-II, stofa 157

Sigríður Lilja Skúladóttir flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í umhverfisverkfræði. Heiti verkefnisins er: Samgöngur erlendra ferðamanna á Íslandi – Viðhorfskönnun á akstursskilyrði. Undanfarin ár hefur ferðamönnum á Íslandi fjölgað gífurlega og umferðarslysum þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu hefur einnig fjölgað. Erlendir ferðamenn eru oft óvanir íslenskum vegum og aðstæðum sem geta gert þeim erfitt fyrir er þeir keyra á Íslandi. Rannsókn Sigríðar byggist á könnun sem lögð var fyrir erlenda ferðamenn sem höfðu ferðast til Íslands á árunum 2013-2016. Aðalmarkmiðið var að kanna með hvaða akstursskilyrði erlendir ferðamenn ættu í erfiðleikum með að keyra og hvaða breytur höfðu áhrif á upplifun þeirra. Einnig var notkun almenningssamganga rannsökuð.

**Hvað?** Misminni
**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Flóra, Hafnarstræti, Akureyri

Sýningin myndlistarkvennanna Heiðdísar Hólm og Jónínu Bjargar Helgadóttur. Heiðdís og Jónína sýna hér ný verk, unnin á pappír með blandaðri aðferð. Verkin eru unnin upp úr samtölum við hvali, í draumum og á Skype.

**Hvað?** Piparkökuskreyting
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti
**Hvenær?** 15.00

Christmas Calendar at Loft. Sem hluti af jóladagskrá Lodts Hostel verður boðið upp á kennslu í smákökuskreytingu. Ávísun á að komast í sannkallað jólaskap.



Sópranstjarnan Sissel Kyrkjebø verður með glæsilega jólatónleika í Eldborg í Hörpu.




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Nahid | 18:00 |
| Grimmd | 18:00 |
| Innsæi | 18:00 |
| Absolutely Fabulous: the movie | 20:00 |
| Eiðurinn ENG SUB. | 20:00 |
| Slack Bay | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Embrace of the Serpen | 22:15 |

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Simpson-fjölskyldan
**07.30** Tommi og Jenni
**07.50** 2 Broke Girls
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** My Dream Home
**12.35** Nágrannar
**13.00** X-factor UK
**13.50** X-factor UK
**15.05** Falcon Crest
**15.55** Ground Floor
**16.20** Tommi og Jenni
**16.45** Jóladagatal Afa
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Landnemarnir
**20.00** Lóa Pind: Bara geðveik
Vönduð og glæsileg þáttaröð í umsjón Lóu Pind. Við kynnumst þremur geðveikum ungmennum á þrítugsaldri, þeim Silju Björk, Brynjari Orra og Bjarneyju. Eins skyggnumst við inn í líf Ágústu sem hefur glímt við geðsjúkdóm í um aldarfjórðung. Opinská og einlæg segja þau frá veikindum sínum; geðklofa, geðhvörfum, þunglyndi, ranghugmyndum og skrýtnum aðstæðum sem fárveikar manneskjur. Þau eru geðveik. En ekki bara geðveik.
**20.55** The Night Shift
**21.45** Shameless
**22.45** Eyewitness
Magnaðir þættir byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne. Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp og komast sjálfir naumlega undan árásarmanninum.
**23.30** Timeless
**00.15** Notorious
**01.00** Blindspot
**01.45** Lucifer
**02.30** Mistresses
**03.10** Mistresses
**03.55** Mistresses
**04.40** Major Crimes
**05.20** The Third Eye
**06.10** Bones

### SPORT 2

**07.00** NFL
**09.20** Premier League
**11.00** Meistaradeildardrátturinn
**11.30** Premier League
**13.10** Evrópudeildarmörkin
**14.00** NBA
**15.20** Spænski boltinn
**17.00** Spænski boltinn
**18.40** Spænsku mörkin
**19.10** Meistaradeild Evrópu
**19.35** Football League Show
**20.05** Premier League Review
**21.00** Messan
**22.30** Premier League
**00.10** Messan
**01.40** Meistaradeildardrátturinn

### SPORT

**07.00** UEFA Champions League
**08.45** UEFA Europa League
**10.25** UEFA Europa League
**12.05** Premier League
**13.45** Enska 1. deildin
**15.25** Enska 1. deildin
**17.05** Dominos deild karla
**18.45** Dominos deild karla
**20.25** NFL
**22.45** NBA

### STÖÐ 3

**17.25** Mike and Molly
**17.50** The Big Bang Theory
**18.15** New Girl
**18.40** Modern Family
**19.10** Stelpurnar
**19.35** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.10** Who Do You Think You Are?
**21.15** Grimm
**22.00** Banshee
**22.55** Klovn
**23.20** The Americans
**00.00** The Mentalist
**00.45** Stelpurnar
**01.05** Eldhúsið hans Eyþórs
**01.35** Who Do You Think You Are?
**02.35** Grimm
**03.20** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ævintýri Tinna
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Stóri og Litli
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Víkingurinn Viggó
**08.13** Kormákur
**08.25** Strumparnir
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Rasmus Klumpur og félagar
**10.54** Lalli
**11.00** Ævintýri Tinna
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Stóri og Litli
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Víkingurinn Viggó
**12.13** Kormákur
**12.25** Strumparnir
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Rasmus Klumpur og félagar
**14.54** Lalli
**15.00** Ævintýri Tinna
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Stóri og Litli
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Víkingurinn Viggó
**16.13** Kormákur
**16.25** Strumparnir
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Rasmus Klumpur og félagar
**18.54** Lalli

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** 2016 FedExCup Playoffs Official Film
**08.55** Solheim Cup 2015
**11.25** Golfing World 2016
**12.15** Hero World Challenge
**17.20** PGA Tour 2016 - Highlights
**18.15** 2016 FedExCup Playoffs Official Film
**19.10** The Open Official Film 2016
**20.05** Turkish Airlines Open

### BÍÓSTÖÐIN

**11.35** Trust Me
**13.05** The Class of '92
**15.05** Cheaper By The Dozen 2
**16.40** Trust Me
**18.10** The Class of '92
**20.15** Cheaper By The Dozen 2
Sprenghlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með þeim Steve Martin og Eugene Levy í aðalhlutverkum. tólf barna faðirinn Tom Baker á enn í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á barnafjöldanum. Nú er fjölskyldan í sumarfríi og lendir þar í heiftarlegri samkeppni við átta barna fjölskyldu sem veldur þeim miklum vandræðum.
**22.00** Fast Five
**00.15** X-Men 2
**02.30** Last Days On Mars
**04.10** Fast Five

### RÚV

**13.25** Íslendingar
**14.25** Inndjúpið
**15.05** Spánn - Þýskaland
**17.05** Landinn
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** KrakkaRÚV
**17.46** Jóladagatalið - Sáttmálinn
**18.12** Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
**18.45** Góð jól
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Morgan Freeman. Saga guðstrúar
**21.00** Miðnætursól
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** The Stone Roses
**00.05** Erfingjarnir
**01.00** Kastljós
**01.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.03** The Walking Dead
**06.50** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.23** Dr. Phil
**09.05** The Biggest Loser
**09.47** The Biggest Loser
**10.30** Síminn + Spotify
**12.35** Dr. Phil
**13.20** The Voice USA
**14.08** Chasing Life
**14.54** Grandfathered
**15.15** Younger
**15.39** Jane the Virgin
**16.25** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.11** The Late Late Show with James Corden
**17.52** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Good Place
**20.10** Kitchen Nightmares
**21.00** Rookie Blue
**21.45** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** The Catch
**00.35** Sex & the City
**01.00** Code Black
**01.45** Scorpion
**02.30** Rookie Blue
**03.15** Blue Bloods
**04.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**LANDNEMARNIR**
Við siglum í kjölfar Eiríks rauða til Grænlands og heimsækjum heimaslóðir hans á Íslandi og Grænlandi, Eiríksstaði í Haukadal og Brattahlíð í Eystribyggð. Fjallað verður um átök Eiríks á Íslandi og landnámið á Grænlandi. Fjöldi fólks flutti með honum frá Íslandi og nam land á ókunnum slóðum á Grænlandi. Hvernig upplifa Íslendingar nútímans landnám Eiríks rauða í Eystribyggð?

MEIRIHÁTTAR
**MÁNUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is** **365**




LOKAÞÁTTUR

**LÓA PIND: BARA GEÐVEIK**
Guð sendir Brynjari skilaboð í gegnum númeraplötu og Ágústa lendir óvænt í geðrofi. Silja fer skjálfandi á fund bókaforlags og það er spurning hvort hjónaband Bjarneyjar þoli álagið. Stórgóður lokaþáttur í umsjón Lóu Pind.

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

**SHAMELESS**
Glæný þáttaröð um þessa skrautlegu og stórskemmtilegu fjölskyldu sem er ekki eins og fólk er flest og ekki alveg til fyrirmyndar.



**EYEWITNESS**
Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp. Frábærir spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.



**FAST FIVE**
Mögnuð spennumynd um fyrrvernadi lögguna Brian O'Connor sem fer að vinna með gamla tugthúslimnum Dom Toretto á öfugum enda laganna.



365.is

Kaffi og kleinuhringir síðan 1937

# 2 FYRIR 1

ÞÚ KAUPIR EINN KASSA AF ORIGINAL GLAZED®
OG FÆRÐ ANNAN FRÍTT MEÐ

## AÐEINS 1.999 KR.

EKKI MISSA AF ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI!
GILDIR AÐEINS Í DAG, 12. DESEMBER.




Kaffihús Krispy Kreme er opið frá kl. 9-22.

#KrispyKremeIS

Fallegu hörðu og mjúku pakkarnir eru í Höllinni






IITTALA ULTIMA THULE
Kertastjakar, 65 mm
glær / frost
2.890 / 4.890 kr. stk.



IVV AVENUE
Krukka, glær með loki
Hæð: 20,5 cm
9.990 kr.



IVV SPECIAL
glas / kanna
30 cl / 1,4 l
2.790 / 7.490 kr.



IVV MAGIC STAR
Kertastjaki
Hæð: 17 cm
3.990 kr.



IITTALA ESSENCE
hvít- eða rauðvínsglös
2 stk saman í pakka
4.790 kr. 2 stk.



IITTALA FESTIVO
Kertastjakar
120 mm / 180 mm
5.890 / 7.290 kr.

HÚSGAGNA HÖLLIN




Jóhann Kristófer Stefánsson er kominn í JÖR-teymið. MYND/EGILL ÁSTRÁÐSSON

# Langar að líta út eins og 2007-hnakki

**Jóhann Kristófer Stefánsson** tók nýverið við sem yfirhönnuður hjá fatamerkinu JÖR ásamt fatahönnuðinum Steinunni Eyju Halldórsdóttur. Jóhann er þó ekki menntaður fataönnuður heldur er hann sviðshöfundur sem er góður grunnur fyrir alla sköpun að hans mati.

Spurður hvernig hann fékk starfið sem yfirhönnuður JÖR segist Jóhann Kristófer Stefánsson hafa þekkt Guðmund Jörundsson, eiganda JÖR, í langan tíma og unnið með honum í gegnum tíðina. „Ég er búinn að þekkja Gumma lengi, frá því að við vorum í barnaskóla. Svo sátum við Logi Pedro og Sigbjartur Sturla fyrir hjá honum þegar hann var að vinna í Kormáki og Skildi. Við vorum þá í fermingarbæklingnum, þegar við vorum sem sagt árinu eldri en fermingarbörn eru. Svo kom ég inn í JÖR sem fyrirsæta árið 2013 og gekk þá tískupallinn á RFF,“ útskýrir Jóhann sem er nýútskrifaður frá Listaháskóla Íslands af sviðshöfundarbraut.

„En það er ekki fyrr en í vor sem við byrjum þetta samtal um að ég kæmi inn í fyrirtækið. Hann bar þá þessa hugmynd undir mig, að ég kæmi inn á einhverjum „creative“-forsendum og mér leist bara vel á það. Svo byrjaði ég að funda með honum í sumar til að ræða framhaldið,“ segir Jóhann sem er spenntur fyrir komandi tímum.

Hans fyrsta verkefni verður að koma nýrri verslun á Skólavörðustíg á koppinn. „Já, svo er planið líka að opna nýja búð á Geirsgötu, í húsakynnum sem Faxaflóahafnir eiga. Svo er stefnan fyrir vorið að hanna nýja línu ásamt Steinunni Eyju og Gumma.“

**MIG LANGAR BARA AÐ VERA Í LJÓTUM FÖTUM OG ÉG HEF MIKIÐ VERIÐ AÐ REYNA AÐ LÍTA ÚT EINS OG 2007-HNAKKI.**

### Er að vinna með Írafár-tískuna

Jóhann sér fram á að með tilkomu hans inn í fyrirtækið muni markhópur verslunarinnar breikka. „Við munum leggja nýjar áherslur en þó halda í stílinn sem hefur alltaf einkennt JÖR. Við sjáum fram á að allir ættu að geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi hjá JÖR og sömuleiðis eitthvað fyrir hvaða tilefni sem er. JÖR byrjaði sem svona jakkafata-dæmi en hefur síðan þá fært út kvíarnar. Ég hef fulla trú á að JÖR geti verið í forystu í öllu því sem er að gerast í tísku hverju sinni.“

Jóhann er sjálfur afar hrifinn af vinnufatnaði og „street-wear“. „Ég er ekkert mikið í jakkafötum sko, þó að mér finnist alveg gaman að fara í jakkaföt endrum og eins. Ég er meiri svona hettupeysugaur sko,“ segir Jóhann klæddur í rifnar gallabuxur og hettupeysu. „Stíllinn minn núna er bara þannig að mig langar að vera ógeðslegur. Mig langar bara að vera í ljótum fötum og ég hef mikið verið að reyna að líta út eins og 2007-hnakki. Ég myndi segja að mig langar að „lúkka“ eins og ég sé í Írafár árið 2007.“

### Finnur ekki fyrir stressi

Eins og áður sagði er Jóhann útskrifaður sviðshöfundur frá LHÍ. Hann segir það nám nýtast sér á öllum skapandi sviðum. „Það nám kenndi mér að skilgreina mína listrænu sýn og hún nær einhvern veginn yfir allar skapandi greinar. Mín listræna sýn er alveg óháð einhverju einu fagi,“ segir Jóhann sem sá þó ekki í upphafi fyrir sér að fara út í fatahönnun. „Nei, en áhugi minn á fatnaði hefur verið að aukast með árunum og ég hef verið að vinna að fleiri verkefnum sem tengjast fatnaði, þannig að mér finnst þetta alveg rökrétt þróun.“

„Nei, ekki neitt sko,“ svarar Jóhann spurður hvort hann finni fyrir einhverju stressi í tengslum við nýja starfið. „Ég reyni að taka sjálfan mig ekki of alvarlega. Þá þýðir ekkert að vera stressaður.“

gudnyhronn@365.is

## UM JÖR

- Guðmundur Jörundsson útskrifaðist sem fatahönnuður frá LHÍ árið 2011, í kjölfarið stofnaði hann fatavörumerkið JÖR.
- Fyrsta herralínan frá JÖR leit dagsins ljós í október árið 2012.
- Verslun JÖR á Laugavegi 89 var lokað nýlega en ný JÖR-verslun verður opnuð á horni Skólavörðustígs og Týsgötu innan skamms.
- JÖR og 66°Norður unnu saman að verkefni árið 2015, útkoman var úlpan Jöræfi sem sló í gegn.
- Frægar Hollywood-stjörnur á borð við Justin Bieber og Kourtney Kardashian hafa klæðst hönnun JÖR.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
SÁ ALLRA HEITASTI!
BLAZIN'
BOXMASTER
ADEINS Í TAKMARKAÐAN TÍMA!
SVOOO GOTT
BLAZIN' BOXMASTER
Original kjúklingabringa, brakandi beikon, kál, ostur, kartöfluskífa, bragðmikið salsa og toppað með sjóðheitri chipotle-sósu.
1.099 KR.
Blazin' Boxmaster, 3 Hot Wings, franskar, gos og Lakkrísdúndur
1.899 KR.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Helgu Völu Helgadóttur


## Ó, mín meðvirka þjóð

Á dögunum fór fram ráðning í stöðu þingmanna Íslendinga. 63 manneskjur skyldu valdar úr hópi fjölda umsækjenda. Umsóknarferlið var ekkert sérstaklega langt en allir umsækjendur gerðu sitt til að telja okkur trú um ágæti sitt og ástæðu þess að þeir skyldu valdir.

Á meðal umsækjenda voru einstaklingar sem áður hafa verið í vinnu hjá okkur. Þar á meðal þeir sem ekki hafa séð sér fært að mæta til vinnu undanfarna mánuði en hafa þó verið á fullum launum allan tímann. Vinnuveitendurnir vita af þessu. Við vitum að þessir tilteknu einstaklingar hafa lítið sem ekkert mætt til vinnu en gerum ekkert til að mótmæla því.

Eftir að ráðið var í stöður þingmanna að nýju þann 29. október sl. hafa örfáir dagar liðið þar sem óskað hefur verið eftir starfskröftum þingmannanna en þessir sömu ekki enn séð sér fært að mæta í vinnu. Einhverra hluta vegna segjum við ekki neitt. Við látum eins og það sé fullkomlega eðlilegt að þiggja laun sem eru margföld meðallaun almenns borgara án þess að láta svo lítið að mæta til vinnu. Hvar annars staðar myndi slíkt vera samþykkt? Hvar annars staðar þætti það eðlilegt að þú tækir að þér opinbert starf og mættir bara ekkert?

Er ekki kominn tími til að við fáum skrifstofustjóra Alþingis til að birta samantekt óútskýrðra fjarvista þingmanna svo við getum haft alvöru yfirsýn yfir mætingar þeirra, sem og að settar verði reglur um það hvernig taka eigi á svona skrópurum? Þetta geta ekki verið eðlileg skilaboð til annarra starfsmanna hins opinbera.








